



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04.01.2014
Tilvísun: 201405-0001

Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum.

Til umsagnar er frumvarp til laga um breytingar á lögum um veiðigjöld sem koma á til framkvæmda á fiskveiðiárinu 2014/2015. ASÍ lýsir óánægju með hversu stuttu fyrir þinglok frumvarpið er lagt fram og þann skort á samráði sem var við undirbúning þess. Þá er einnig vakin athygli á þeim skamma fresti sem veittur var til umsagnar á þessu mikilvæga máli.

Alþýðusambandið er fylgjandi álagningu veiðigjalda og byggir sú afstaða á stefnu ASÍ í atvinnumálum þar sem áhersla er lögð á að fyrir leyfi til nýtingar á sameiginlegum náttúruauðlindum þjóðarinnar komi endurgjald. En í stefnunni segir að endurgjald sé:

„.....í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).“

ASÍ telur breytingu á aðferðafræði við útreikning afkomustuðla vera skref í rétta átt en veikleiki aðferðarinnar er óvissa um raunverulegt verð sjávarafurðanna, sem kunna að hafa skekkjandi áhrif á framlegðarútreikninga.

ASÍ telur mikilvægt að ákvörðun veiðigjalda byggji á nýjustu upplýsingum og mun sú aðferðafræði að miða ákvörðun veiðigjalda við afkomu ársins 2012 óhjákvæmilega fela í sér ákveðna skekkju. Hinsvegar er það skoðun ASÍ að ekki hafi verið færð rök fyrir þeirri miklu lækkun veiðigjalda sem birtist í frumvarpinu, en að óbreyttu er útlit fyrir að tekjur af veiðigjöldum verði um 8 ma. eða tæpum 1,8 milljörðum lægri en áætlað var í fjárlögum. Ákvörðunin vekur því athygli í ljósi sterkrar afkomu sjávarútvegs, erfiðrar stöðu ríkisfjármála og þeirrar staðreyndar að veiðigjöld teljast alla jafna hagkvæm gjaldheimta.

Hafa þarf í huga að almenna veiðigjaldið stendur ekki undir nauðsynlegum kostnaði við rannsóknir og eftirlit með nýtingu auðlindarinnar og sérstaka veiðigjaldið skilar þjóðinni ekki sanngjarnri hlutdeild í auðlindarentunni. Í því samhengi má nefna að þrátt



fyrir sögulega lágt raungengi og almennt góða stöðu sjávarútvegs er einungis gert ráð fyrir að atvinnugreinin greiði þjóðinni 3 milljarða fyrir aðgang að hennar verðmætustu auðlind. Ennfremur hafa stofnanir sem gegna mikilvægu hlutverki í rannsóknum og eftirliti búið við fjársveldi á sama tíma og stjórnvöld hafa talið það forgangsatriði að lækka veiðigjöld úr 13,8 ma. kr. í 9,8 ma. kr á yfirstandandi fiskveiðiári, og úr 9,8 ma. kr. í 8 ma. kr. á því næsta.

ASÍ leggur til að þetta frumvarp verði lagt til hliðar og þess í stað verði unnið frekar í málinu í góðu samráði við þá aðila sem sæti áttu í „sáttanefndinni“ svonefndu. Mikilvægt er að sú vinna hefjist þegar þar sem stutt er í að næsta fiskveiðiár hefjist.

f.h. ASÍ
Róbert Farestveit
Hagfræðingur

Samanburður nógildandi veiðigjalda og veiðigjalda samkvæmt frumvarpi.
Allar tölur m.v. kíló upp úr sjó.

Gert 2.5.2014 HG	Afkomu- stuðull	Frumvarpstölur			Veiðigjöld 2013/2014 m.v. kg úr sjó.		
		Fast gjald	Sérskakt	Veiðigjöld alls, kr/kg	Almennt gjald	Sérstakt gjald	Veiðigjöld alls
Arnarfjarðarrækja	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Djúpkarfi	0,95	7,60	3,56	11,16	11,50	8,93	20,42
Eldeyjarrækja	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Flæmingjarækja	0,00	1,00	0,00	1,00	0,00	0,00	0,00
Grálúða	1,56	12,45	5,83	18,28	15,73	12,22	27,95
Gulllax	0,32	2,58	1,21	3,78	5,23	4,06	9,28
Humar	0,97	7,73	3,62	11,35	19,47	15,12	34,59
Húnaflóarrækja	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Karfi/gullkarfi	0,92	7,36	3,44	10,80	7,51	5,83	13,34
Keila	0,45	3,57	1,67	5,25	4,62	3,59	8,20
Kolmunni	0,10	1,00	1,72	2,72	0,95	3,83	4,78
Langa	0,63	5,03	2,35	7,38	5,70	4,43	10,13
Langlúra	0,32	2,58	1,21	3,78	5,94	4,62	10,56
Loðna	0,20	1,59	3,28	4,86	1,24	4,97	6,21
Makrill	0,31	2,46	5,09	7,56	2,19	8,80	10,98
Norsk-íslensk síld	0,40	3,18	6,58	9,76	2,00	8,03	10,03
Rækja í Djúpi	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Rækja í Skjálfanda	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Sandkoli	0,17	1,34	0,63	1,97	2,53	1,97	4,50
Síld	0,40	3,18	6,58	9,76	2,00	8,03	10,03
Skagafjarðarrækja	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Skarkoli	0,84	6,75	3,16	9,90	6,21	4,82	11,03
Skrápflúra	0,16	1,26	0,59	1,84	1,57	1,22	2,80
Skötuselur	1,86	14,92	6,98	21,90	17,44	13,55	30,99
Steinbitur	1,14	9,14	4,28	13,42	8,29	6,44	14,74
Ufsi	0,65	5,20	2,43	7,64	5,27	4,09	9,36
Úthafskarfi	1,19	9,53	4,46	13,99	7,51	5,83	13,34
Úthafsækja	0,00	1,00	0,00	1,00	10,36	8,04	18,40
Ýsa	1,37	10,95	5,12	16,07	9,34	7,25	16,59
Þorskur	1,00	8,00	3,74	11,74	7,98	6,20	14,18
Þorskur - NL	1,00	8,00	3,74	11,74	7,98	6,20	14,18
Þorskur - RU	1,00	8,00	3,74	11,74	7,98	6,20	14,18
Þykkvalúra	2,06	16,46	7,70	24,16	15,30	11,88	27,18
Öxarfjarðarrækja	0,00	1,00	0,00	1,00	8,27	6,42	14,69
Blálanga	0,49	3,89	1,82	5,71	5,09	3,96	9,05
Búrfiskur	3,58	28,62	13,40	42,02	18,62	14,46	33,08
Hlýri	1,19	9,55	4,47	14,02	9,41	7,31	16,71
Litli karfi	0,33	2,63	1,23	3,86	3,90	3,03	6,92
Lýsa	0,37	2,97	1,39	4,36	4,07	3,16	7,23
Grásleppa	0,42	3,37	1,58	4,94	5,30	4,12	9,42
Öfugkjafta	0,04	1,00	0,14	1,14	3,76	2,92	6,68

Neðangreindar tölur eru svar við spurningu Þorsteins Sæmundssonar (leiðrétt 7.5.2014)

Áætlun samkvæmt frumvarpi						
	Botnfiskur			Uppsjávarfiskur		
	Almennt	Sérstakt	Alls	Almennt	Sérstakt	Alls
Álagt	3.715	1.735	5.450	1.327	2.675	4.002
"Frítekjumark"		150	150			
Lækkun v/skulda		1.000	1.000			
	3.715	585	4.300			
Nettó samtals			8.302			

Áætlun samkvæmt gildandi lögum fiskveiðirárið 2013/2014						
	Botnfiskur			Uppsjávarfiskur		
	Almennt	Sérstakt	Alls	Almennt	Sérstakt	Alls
Álagt	3.810	2.960	6.770	924	3.720	4.644
"Frítekjumark"		250	250			
Lækkun v/skulda		1.300	1.300			
	3.810	1.410	5.220			
Nettó samtals			9.864			

Samanburður nógildandi veiðigjalda og veiðigjalda samkvæmt frumvarpi.

Allar tölur m.v. kíló upp úr sjó.

Gert 5.5.2014 HG	Leiðrétt 7.5. Áætlaður afli upp úr sjó, fiskveiðirárið 2014/2015	Afkomu- stuðull	Frumvarpstölur			Áætlaður afli upp úr sjó, fiskveiðirárið 2013/2014	Veiðigjöld 2013/2014 m.v. kg úr sjó.		
			Fast gjald	Sérskakt	Veiðigjöld alls, kr/kg		Almennt gjald	Sérstakt gjald	Veiðigjöld alls
Arnarfjarðarrækja	450	0,00	1,00	0,00	1,00	200	8,27	6,42	14,69
Djúpkarfi	10.000	0,95	7,60	3,56	11,16	10.000	11,50	8,93	20,42
Eldeyjarrækja	243	0,00	1,00	0,00	1,00	250	8,27	6,42	14,69
Flæmingjarrækja	0	0,00	1,00	0,00	1,00	0	0,00	0,00	0,00
Grálúða	12.480	1,56	12,45	5,83	18,28	12.480	15,73	12,22	27,95
Gulllax	8.000	0,32	2,58	1,21	3,78	0	5,23	4,06	9,28
Humar	1.750	0,97	7,73	3,62	11,35	1.750	19,47	15,12	34,59
Húnaflóarrækja	0	0,00	1,00	0,00	1,00	0	8,27	6,42	14,69
Karfi/gullkarfi	52.000	0,92	7,36	3,44	10,80	52.000	7,51	5,83	13,34
Keila	5.900	0,45	3,57	1,67	5,25	5.900	4,62	3,59	8,20
Kolmunni	194.722	0,10	1,00	1,72	2,72	154.000	0,95	3,83	4,78
Langa	13.500	0,63	5,03	2,35	7,38	13.500	5,70	4,43	10,13
Langlúra	1.100	0,32	2,58	1,21	3,78	1.100	5,94	4,62	10,56
Loðna	200.000	0,20	1,59	3,28	4,86	200.000	1,24	4,97	6,21
Makrill	140.000	0,31	2,46	5,09	7,56	100.000	2,19	8,80	10,98
Norsk-íslensk síld	60.700	0,40	3,18	6,58	9,76	70.000	2,00	8,03	10,03
Rækja í Djúpi	1.100	0,00	1,00	0,00	1,00	900	8,27	6,42	14,69
Rækja í Skjálfanda	50	0,00	1,00	0,00	1,00	0	8,27	6,42	14,69
Sandkoli	500	0,17	1,34	0,63	1,97	500	2,53	1,97	4,50
Síld	87.000	0,40	3,18	6,58	9,76	86.500	2,00	8,03	10,03
Skagafjarðarrækja	0	0,00	1,00	0,00	1,00	0	8,27	6,42	14,69
Skarkoli	6.500	0,84	6,75	3,16	9,90	6.500	6,21	4,82	11,03
Skráplúra	200	0,16	1,26	0,59	1,84	200	1,57	1,22	2,80
Skötuselur	1.500	1,86	14,92	6,98	21,90	1.500	17,44	13,55	30,99
Steinbitur	7.500	1,14	9,14	4,28	13,42	7.500	8,29	6,44	14,74
Úfsi	57.000	0,65	5,20	2,43	7,64	57.000	5,27	4,09	9,36
Úthafskarfi	6.200	1,19	9,53	4,46	13,99	10.000	7,51	5,83	13,34
Úthafs-rækja	5.950	0,00	1,00	0,00	1,00	7.000	10,36	8,04	18,40
Ýsa	38.000	1,37	10,95	5,12	16,07	38.000	9,34	7,25	16,59
Þorskur	234.500	1,00	8,00	3,74	11,74	214.400	7,98	6,20	14,18
Þorskur - NL	9.075	1,00	8,00	3,74	11,74	10.000	7,98	6,20	14,18
Þorskur - RU	5.672	1,00	8,00	3,74	11,74	7.500	7,98	6,20	14,18
Þykkvalúra	1.600	2,06	16,46	7,70	24,16	1.600	15,30	11,88	27,18
Öxarfjarðarrækja	0	0,00	1,00	0,00	1,00	0	8,27	6,42	14,69
Blálanga	2.400	0,49	3,89	1,82	5,71	0	5,09	3,96	9,05
Búrfiskur		3,58	28,62	13,40	42,02	0	18,62	14,46	33,08
Hlýri	1.500	1,19	9,55	4,47	14,02	0	9,41	7,31	16,71
Litli karfi	1.500	0,33	2,63	1,23	3,86	0	3,90	3,03	6,92
Lýsa		0,37	2,97	1,39	4,36	0	4,07	3,16	7,23
Grásleppa	3.500	0,42	3,37	1,58	4,94	0	5,30	4,12	9,42
Öfugkjafna	380	0,04	1,00	0,14	1,14	0	3,76	2,92	6,68
Utankvótategundir						15.000			

Neðangreindar tölur eru svar við spurningu Þorsteins Sæmundssonar

Áætlun samkvæmt frumvarpi									
Botnfiskur					Uppsjávarfiskur				
	Almennt	Sérstakt	Alls		Almennt	Sérstakt	Alls		
Álagt	3.715	1.735	5.450		1.327	2.675	4.002		
"Fritekjumark"		150	150						
Lækkun v/skulda		1.000	1.000						
	3.715	585	4.300						
Nettó samtals				8.302					
Áætlun samkvæmt gildandi lögum fiskveiðirárið 2013/2014									
Botnfiskur					Uppsjávarfiskur				
	Almennt	Sérstakt	Alls		Almennt	Sérstakt	Alls		
Álagt	3.810	2.960	6.770		924	3.720	4.644		
"Fritekjumark"		250	250						
Lækkun v/skulda		1.300	1.300						
	3.810	1.410	5.220						
Nettó samtals				9.864					

Alþingi
 Erindi nr. B 113/1763
 5.5.2014
 komudagur

Áætluð veiðigjöld fyrir allt fiskveiðiárið 2013/2014 m.v. frumvarp um veiðigjöld.

Veiðigjöld samkvæmt frumvarpi þús. kr.

Kjördæmi	Fast gjald	Sérst gjald	Alls	Lækkun sérstaks gjalds	Nettó sérstakt	Alls nettó gjöld
Reykjavíkurkjördæmi	1 088 538	1 038 622	2 127 160	-107 581	931 041	2 019 579
Suðvesturkjördæmi	137 776	92 498	230 274	-36 484	56 014	193 791
Norðvesturkjördæmi	930 779	704 968	1 635 747	-425 645	279 323	1 210 102
Norðausturkjördæmi	1 288 366	1 199 833	2 488 199	-256 323	943 510	2 231 877
Suðurkjördæmi	1 576 540	1 394 079	2 970 619	-623 968	770 111	2 346 651
	5 022 000	4 430 000	9 452 000	-1 450 000	2 980 000	8 002 000

Áætluð veiðigjöld fyrir allt fiskveiðiárið 2013/2014 m.v. Gildandi lög um veiðigjöld.

Veiðigjöld samkv nügildandi lögum þús. kr.

Kjördæmi	Almennt	Sérstakt	Alls	Lækkun sérstaks gjalds	Nettó sérstakt	Alls nettó gjöld
Reykjavíkurkjördæmi	1 035 000	1 572 000	2 607 000	-115 000	1 457 000	2 492 000
Suðvesturkjördæmi	131 000	140 000	271 000	-39 000	101 000	232 000
Norðvesturkjördæmi	885 000	1 067 000	1 952 000	-455 000	612 000	1 497 000
Norðausturkjördæmi	1 225 000	1 816 000	3 041 000	-274 000	1 542 000	2 767 000
Suðurkjördæmi	1 499 000	2 110 000	3 609 000	-667 000	1 443 000	2 942 000
	4 775 000	6 705 000	11 480 000	-1 550 000	5 155 000	9 930 000

	Nügildandi lög	Frumvarp		
Kjördæmi	Alls nettó gjöld	Alls nettó gjöld	Lækkun gjalda	Prósentulækkun
Reykjavíkurkjördæmi	2.492.000	2.019.579	472.421	18,96%
Suðvesturkjördæmi	232.000	193.791	38.209	16,47%
Norðvesturkjördæmi	1.497.000	1.210.102	286.898	19,16%
Norðausturkjördæmi	2.767.000	2.231.877	535.123	19,34%
Suðurkjördæmi	2.942.000	2.346.651	595.349	20,24%
	9.930.000	8.002.000	1.928.000	19,42%



Alþingi
Erindi nr. P 143/1767
komudagur 5.5.2014

Sauðárkróki 5. maí 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um veiðigjöld (fjárhæð og álagning gjalda), mál 568. mál.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verða áhrif veiðigjalda á útgerðarfyrirtæki minni en samkvæmt núgildandi lögum. Álagning veiðigjalda mun eftir sem áður hafa áhrif á greiðslugetu útgerða og veðhæfni eigna þeirra, en ekki hefur verið lagt mat á afleiðingarnar. Ætla má að gjaldið hafi áhrif á möguleika minni sjávarútvegsfyrirtækja til lánsfjáröflunar. Má í því sambandi benda á að skv. 14. gr. gildandi laga nýtur álagt veiðigjald lögveðréttar í viðkomandi skipi, og gengur þannig frammar sanningsveðkröfum í veðröð. Þessu ákvæði er ekki breytt samkvæmt frumvarpinu.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Bygðastofnunar.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 4. maí 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar). 569. mál.

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna átelur þau vinnubrögð að á hverju ári sé verið að breyta lögum og gjöldum í sjávarútvegnum. Einnig virðist það regla frekar en undartekning að mjög skammur tími er gefinn til að vinna umsagnir um þessar breytingar.

VM vill benda á að vegna árlegra breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og veiðigjöld hafa kjarasamningar sjómanna verið lausir frá 1. janúar 2011. Landsamband íslenskra útvegsmanna telur sig ekki geta gert kjarasamninga vegna óvissu í umhverfi atvinnugreinarinnar.

Það er því mjög brýn að lagaumhverfi og gjaldtaka af greininni verði komið sem fyrst í varanlegt fyrirkomulag fyrir alla sem í greininni starfa.

VM er sammála því að gjöld séu lögð á veiðar og vinnslu sem afgjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, að þjóðin í heild fái hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlindarinnar skapar. Það eru allir að verða sammála um það. Hinsvegar má það ekki íþyngja atvinnugreininni.

VM telur að nýir afkomustuðlar sem veiðigjaldanefnd útfærði til álagningu veiðigjalda, vera rétt skref í að finna varanlegan grundvöll við álagningu veiðigjalda. Félagið varar hinsvegar við öllum breytingum, um að gjaldið sé að stórum hluta tekið af útgerðinni en ekki heildar afkomu fyrirtækjanna. Með verðmyndunar kerfi á fiski eins og það er í dag, hafa fyrirtækin það í hendi sér að stýra því hvar hagnaðurinn er tekin út úr rekstrinum. Sum hafa jafnvel möguleika að stýra afurðaverðinu erlendis frá. Eftir því sem stærri hluti gjaldsins er tekinn af útgerðarættinum mun það framkalla þrýsting um lægra fiskverð þar sem fyrirtæki kaupa eigin afla í eigin fiskvinnslur og um leið lækka laun sjómanna.

Félagið lýsir þungum áhyggjum sínum um að gjaldið muni verða tekið af launum sjómanna. Félagið leggur því til að Verðlagstofa skiptaverðs verði eflað og hlutverk stofnunarinnar um eftirlit og upplýsingagjöf um afurðarverð erlendis verði tryggt, til að tryggja það að eðlilegt afurðarverð skili sér til landsins. Einnig að rétt fiskverð sé gert upp við sjómenn, en þar hefur verið brotalöm á vegna manneklu stofnunarinnar.



Vitað er að þó nokkur sjávarútvegsfyrirtæki reka sína eigin sölufyrirtæki erlendis og sú freisting sem því fylgir að vera með veiðar, vinnslu og sölumál á sömu hendinni, er fyrirkomulag sem ekki hefur gefið góða raun í fyrirtækjarekstri. Því verður að vera tryggt að allt eftirlit sé í fullkomnu lagi til að koma í veg fyrir misnotkun og tortryggni. Félagið vill bend á að í dag er engin opinber stofnun sem fylgist með því hvort eðlilegt heimsmarkaðsverð sjávarafurða er að skila sér til landsins fyrir þann sjávarafla sem er seldur á erlendum mörkuðum, það er grunnurinn fyrir því arðurinn af sjávarauðlindinu skili sér til þjóðarinnar og um leið að rétta afgjald af auðlindinni skili sér.

Virðingafyllt,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.



Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1768
komudagur 6.5.2014

Fjarðabyggð, 5. maí 2014
Tilvísun 1405002/10.0

Umsögn Fjarðabyggðar um 568. mál - frumvarp til laga um breytingu á veiðleyfagjöldum

Bæjarráð Fjarðabyggðar lýsir yfir miklum áhyggjum með fyrirhuguð veiðigjöld, samráðsleysi og þann stutta fyrirvara sem gefinn er til umsagnar um frumvarpið. Í ljósi þeirrar staðreyndar að veiðigjöld og skerðingar á sjávarútvegsfyrirtækin í sveitarfélaginu eru gríðarleg, stendur bæjarráð við fyrri umsagnir. Því til stuðnings er bent á úttektir á áhrifum á sveitarfélagið sem unnar voru af KPMG og sendar voru atvinnuveganefnd, m.a. í apríl 2012. Frumvarpið, í óbreyttri mynd, felur í sér þungar álögur á sjávarútvegsfyrirtækin í Fjarðabyggð og kemur til með að hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins líkt og áðurgreind fyrirtæki.

Í Fjarðabyggð eru þrjú stór fyrirtæki í sjávarútvegi, ásamt ótal fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa atvinnu af því að þjónusta viðkomandi fyrirtæki. Að leggja á svo há veiðigjöld, ásamt skerðingu í potta, hefur mikil áhrif á tekjur sveitarsjóðs í formi skerts útsvars og skertra tekna af hafnargjöldum.

Bæjarráð hefur miklar áhyggjur af því að veiðigjöldin muni hafa veruleg áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir á vegum greinarinnar hér í sveitarfélaginu, ásamt tilflutningi á störfum milli landssvæða.

Þessu fyrirkomulagi mótmælir bæjarráð Fjarðabyggðar og hvetur núverandi stjórnvöld til að endurskoða fyrirhuguð veiðigjöld með það að markmiði að jafnræði sé gætt milli fyrirtækja og samsetningu aflategunda.

Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur á liðnum árum hvatt til þess að farin verði sáttaleið milli stjórnvalda og sjávarútvegsins og komið á hóflegu veiðigjaldi sem taki mið af afkomu atvinnuvegarins hverju sinni. Með því sé sjávarútvegi á Íslandi sköpuð skilyrði til að vaxa og dafna landi og þjóð til heilla.


Páll Björgvin Guðmundsson
Stjórnsýslu- og þjónustusvið

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjai)

Móttakandi: Bæjarráð

Varðandi: Alþingi

1405084

Dags.: 4. maí 2014

Málefni: Umsögn

Afrit: Atvinnuveganefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 143/1803
komudagur 7.5.2014

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar).

Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að:

- Veiðigjöld verði ákveðin sem föst krónutala á afla úr sjó á fiskveiðiárinu 2014/2015.
- Veiðigjöldum verði jafnað niður á grundvelli útreiknings á svonefndum afkomustuðlum nytjastofna sem byggjast á reiknaðri framlegð við veiðiúthald úr einstökum stofnum.
- Ákvæði um frítekjumark og um tímabundna lækkun veiðigjalda vegna kvótakaupa taki nokkrum breytingum sem spegla breytingar í lögnum að öðru leyti

Frumvarpið tengist endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og laga um veiðigjöld. Í lok september 2013 var skipaður starfshópur til að vinna að gerð frumvarps til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða er byggja skyldi á samningaleið í anda sáttanefndarinnar. Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er ekki tilbúið og því ekki lagt fram samhliða þessu. Frumvarpið sem er til umsagnar byggist engu að síður á þeirri vinnu sem hefur verið unnin á síðustu mánuðum, að því leyti að stuðst er við tillögur veiðigjaldsnefndar um breytta aðferð við niðurröfnun veiðigjalda samkvæmt afkomustuðlum.

Umsögn Grindavíkurbæjar

Grindavíkurbær fagnar því að unnið sé að heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem byggir á tillögum sáttanefndarinnar eins og Grindavíkurbær hefur lagt áherslu á undanfarin ár.

Grindavíkurbær er aðili að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og batt miklar vonir við aukið samráð við samtökin um málið. Ljóst er að það hefur verið afar takmarkað um gerð þessa frumvarps og lítil tími gefinn til að veita umsögn. Afar mikilvægt er fyrir þau samfélög sem byggja afkomu sína á nýtingu náttúruauðlinda að metin séu áhrif á viðkomandi samfélög þegar löggjafinn breytir leikreglum varðandi nýtingu auðlindanna.

Aukin krafa um hagræðingu í sjávarútvegi hefur í gegnum tíðina leitt til fækkunar starfa í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu. Þegar slíkar breytingar verða er gjarnan horft til sveitarstjórna og kallað eftir aðgerðum. Sveitarstjórnir gera það sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða íbúa sína, en tækin sem þær hafa eru fátækleg eins og niðurstaðan í gegnum tíðina sýnir.

Grindavíkurbær ítrekar kröfur sínar og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um að sveitarfélög fá eðlilega hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu til að geta sinnt uppbyggingu og atvinnuþróun. Óeðlilegt er að varpa ábyrgð á byggða-og atvinnuþróun á eina atvinnugrein, eða einstaka fyrirtæki.

Virðingarfyllt
Róbert Ragnarsson



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1761
komudagur 5.5.2014

Reykjavík, 05.05.2014
Tilv. 90.13
JS/mp

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, þskj. 989, 568. mál
143. löggj. þing 2013-2014**


Vísað er í erindi atvinnuveganefndar Alþingis dags. 2. maí 2014 varðandi umsögn um ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við fram komnar tillögur um breytingar á lögum nr. 74/2012, en vekur nú sem fyrr athygli á því að samkvæmt 2. gr. laganna er gert ráð fyrir að veiðigjöld séu lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og vinnslu.

Eins og fram hefur komið í opinberri umfjöllun er rekstrargrundvöllur Hafrannsóknastofnunar brostinn ef ekki verður breyting á fjárveitingum. Nauðsynlegt er að fjármögnun starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé betur tryggð en nú er, enda rannsóknir og ráðgjöf stofnunarinnar ein af forsendum líffræðilegrar sjálfbærni fiskveiðanna. Jafnframt er ljóst að mikið er í húfi fyrir stjórnvöld að faglegur styrkur stofnunarinnar sé traustur vegna þeirrar þekkingar á fiskistofnunum sem fiskveiðistjórnunin byggir á og aðkomu stofnunarinnar að þeim málum.

Komi sú gjaldtaka til framkvæmda sem lögð er til í frumvarpinu er eðlilegt að horfa til þess að tryggja betur fjármögnun árlegs rekstrar Hafrannsóknastofnunar, m.a. auknu úthaldi rannsóknaskipa. Hins vegar, eins og fram kom í skýringu með frumvarpi árið 2012, er ljóst að til staðar þurfa að vera fjármunir til endurnýjunar skipakosts og annars kostnaðarsams rannsóknabúnaðar, sem afar erfitt er að koma við án sérstakra ráðstafana.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,


Jóhann Sigríðsson

Frumvarp um veiðigjöld
Nokkur atriði

- I. **Auðlindamál fremur en tekjuöflun.** Upphaflegu lögín um veiðigjöld eru auðlindamál fremur en tekjuöflunarmál, þótt tekjur af þeim skipti ríkissjóð og þar með almenning miklu máli. Þau voru sett með það grundvallarsjónarmið í huga að fiskistofnar í fiskveiðilögsögu Ísland sé eign þjóðarinnar og hluti af náttúruauðlindum þjóðarinnar. Í samræmi við það eru markmiðin annars vegar þau að með tekjum af veiðigjöldum greiðist sá kostnaður sem ríkið hefur af allri umsýslu með sjávarútveg og hins vegar að sameign þjóðarinnar á þessari auðlind felur í sér að hún á tilkall til þess auðlindaarðs sem nýting hennar skapar.

Sjálfsgagt er að atvinnurekstur greiði þann kostnað sem honum fylgir, hvort sem hann er beinn eða óbeinn, svo sem nýting á verðmætum eða kostnaður af umhverfisskaða. Almenna veiðigjaldið var hugsað sem slíkt gjald og því rökrétt að það sé greitt hvort sem renta er í greininni eða ekki. Að öðrum kosti lenda þau útgjöld á almennum skattgreiðendum og ríkissjóði.

Annar tilgangur laganna er “að tryggja þjóðinni hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar.” Í samræmi við það voru í upphaflegu lögunum skýr tengsl á milli auðlindarentu í fiskveiðum og veiðigjaldanna. Fjölluðu þau að mestu um það hvað eigandi auðlindarinnar, þjóðin, skuli fá í sinn hlut af umframárðinum eða rentunni af fiskveiðiauðlindinni og hve stóran hlut útgerðir skuli fá til viðbótar við eðlilegan hagnað af þeim fjármunum sem þær hafa lagt fram.

Með lagafrumvarpinu nú eru þessi tengsl rofin og ekkert rökrænt sambengi er lengur á milli tilgangs laganna og ákvörðunar veiðigjaldanna.

- II. **Ákvörðun um heildarfjárhæð veiðigjalda í frumvarpinu er lítt eða ekkert rökstudd.** Meginefnisatriði frumvarpsins er að ákveða heildarfjárhæð veiðigjalda og þar með hlutdeild þjóðarinnar í umframárðinum af fiskveiðiauðlindinni. Engin efnisleg sjónarmið er þó að finna í frumvarpinu eða greinargerð þess fyrir því hvernig heildarfjárhæð veiðigjalda er ákveðin. Ekki er gerð grein fyrir neinum talnalegum forsendum aðeins settar fram tölur sem hafa enga efnislega þýðingu og varpa engu ljósi á niðurstöðuna. Þannig eru ákvæði frumvarpsins um heildarfjárhæð veiðigjalda ekki í neinu röklegu sambengi við önnur ákvæði laganna og ekki rökstudd á neinn hátt. Engar sviðsmyndir dregnar upp um áhrif frumvarpsins á ólíkar tegundir útgerða eða fiskvinnslu. Engin rök fyrir því hvers vegna greiða á 11,74 kr. á hvert kg af þorski en ekki 11,84 eða 9,74 svo dæmi sé tekið.

Greinargerðin kann að bera með sér vísbendingu um hvaða aðferðafræði er verið að móta. Þess er getið í greinargerðinni að um sé að ræða ákvörðun til eins árs en samt er látið að því liggja að frumvarpið byggi á því að “mikil vinna (hefur) verið unnin á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og laga um veiðigjöld.” Hafi mikil vinna verið unnin við gerð frumvarpsins, hljóta mikil gögn sömuleiðis að liggja þar að baki sem ættu að geta útskýrt niðurstöðu frumvarpsins. Þau gögn þarf að leggja fram svo eðlileg umræða geti átt sér stað um frumvarpið.

Sagt er að fjárhæð heildarveiðigjalda sé miðað við að hún sé tiltekið hlutfall af EBT hagnaði. Sé það sem vísbendingu um það sem koma skal í þessum eignum eru tengsl veiðigjalda og auðlindarentu endanlega slitin. Í gildandi lögum er gjaldtakan miðuð við umframarð í fiskveiðum eða auðlindarentuna, þ.e. tekjur af sjávarútvegi að frádregnum rekstrarkostnaði, raunkostnaði fjárfestingar og eðlilegum hagnaði. Það er sú aðferð sem er alþekkt og viðurkennd um allan heim við útreikning á rentu af nýtingu auðlinda. Ef taka á mark á greinargerðinni stendur til að miða við það sem á máli fjármálatæknimanna er kallað EBT hagnaður en það eru tekjur af fiskveiðum að frádregnum rekstrarkostnaði, afskriftum og fjármagnsliðum svo sem vöxtum verðbótum, og gengismun.

Sú aðferðafræði og þær tölur sem vitnað er til í greinargerðinni eru í samræmi við þá útreikninga sem Deloitte gerði fyrir LIÚ við meðferð upphafslegs furmvarps um veiðigjöld. Gallinn við þessa aðferð felst m.a. í því að telja eingöngu fram tekjur af fiskveiðum en taka til frádráttar vexti og annan fjármagnskostnað vegna peningalegra eigna sem eru fiskveiðum óviðkomandi svo sem vegna kaupa félaga á verðbréfum og eignarhlutum í öðrum fyrirtækjum o.fl.

Reikningar útgerðarfyrirtækja bera það með sér að þau eiga miklar peningalegar eignir, reiðufé og innistæður, verðbréf og eignarhluti. Af 535 milljarða heildareign sjávarútvegsfyrirtækja skv. yfirliti Hagstofu Íslands í árslok 2012 eru um 330 milljarðar í reiðufé, áhættufjárfestingum og öðrum eignum en rekstrarfjármunum.

Það er ótrúlegt að þessir fjármunir liggi án ávöxtunar en engar tekjur eru reiknaðar af þessum eignum, ekki vextir af bankareikningum og verðbréfum og enn síður arður eða hagnaðarhlutur af dótturfyrirtækjum t.d. þeim fyrirtækjum sem stóru útgerðarfyrirtækin eiga erlendis og sjá um sölu á erlendum mörkuðum. Það að tekjurnar eru ekki taldar fram kemur ekki í veg fyrir að allur fjármagnskostnaður, líka sá sem er tilkominn vegna þessara eigna, er tíundaður og talinn til frádráttar. Þetta og einnig hvernig reikningshaldi er varið í þessum eignum er þess valdandi að þessi aðferðafræði getur aldrei orðið vitræn leið til að nálgast raunhagnað og auðlindarentu í fiskveiðum.

IV. **Gengisbreytingar og renta í sjávarútvegi.** Stóraukin renta í fiskveiðum á síðustu árum er ekki að stórum hluta vegna breytinga á starfsemi fyrirtækja eða fjárfestingum. Hún er að langmestu leyti komin til vegna hækkunar á fiskverði í íslenskum krónum, aðallega vegna gengislækkunar krónunnar. Einnig hafa nýjar tegundir í uppsjávarveiðum, s.s. makrill skilað miklum hagnaði og aukið rentuna í greininni. Lækkun á gengi íslensku krónunnar t.d. um 10% hækkar tekjur útgerðarinnar um ca 25 milljarða í íslenskum krónum. Útgerðarkostnaður mældur í gjaldmiðli sölutekna breytist ekki. Olía, vextir o.s.fr kostar jafnmarga þorska og áður. Innflutningur neysluvöru á árinu 2012 var áþekkt fjárhæð og söluandvirði fiskafurða. Með 10% gengislækkun hækka þessar vörur um ca 25 milljarða, sem neytendur í landinu þurfa að greiða til viðbótar. Hækkun tekna í sjávarútvegi og aukin auðlindarenta er þannig að stórum hluta vegna lækkunar á gengi krónunnar og borin af almenningi, sem réttlætir enn frekar að rentunni sé skilað í sameiginlegan sjóð.

V. **EBT hagnaður er ónothæfur sem viðmiðun fyrir skattstofn.** Af þeim ástæðum, sem tilgreindar hafa verið, gefur skattstofn sem þessi ekki rétta mynd af afkomu fiskveiða og breytingu á auðlindarentunni en mun breytast með ýmsum ráðstöfunum sem hafa ekkert

með rentuna að gera. Þannig mun aukin skuldsetning hækka frádráttarbæra fjármagnsliði og yfirfjárfesting auka afskriftir sem hvort tveggja leiðir til lækkunar á stofni veiðigjaldanna. Skuldsetning getur m.a. hækkað vegna viðskipta með kvóta milli útgerða, lántöku til að borga út arð eða stofnunar dótturfélaga og uppsöfnun arðs í þeim hérlendis eða erlendis í stað þess að nýta hann til að greiða niður skuldir hefur sömu áhrif.

Þessi aðferðafræði ekki bara órókrétt. Hún felur í sér ótal möguleika til hliðrunar og ómálefnalegra áhrifa á skattstofninn. Hún hvetur til aukinnar bjögunar með verðlagningu í viðskiptum tengdra aðila hvort sem kaupandinn er innlendur eða skráður erlendis. Hún felur í sér óhagræðishvata af ýmsum toga, svo sem skuldsetningu, lánsfjármögnun kvótaviðskipta, hækkun kvótaverðs og yfirfjárfestingu. Einn af stærstu kostum rentuskattlagningar er að skattaðilar hafa litla möguleika til að hafa áhrif á hana með ráðstöfunum sínum. Í þessu tilviki er því öfugt farið.

- VI. **Skipting veiðigjalda á fisktegundir.** Annað hlutverk frumvarpsins er að ákveða hvernig heildarfjárhæð veiðigjalda skiptist á fisktegundir. Í gildandi lögum er það gert með svokölluðum þorskígildum, stærð sem setur söluverð annarra fisktegunda fram sem hlutfall af söluverði þorsks. Það hefur lengi verið viðurkennt að ástæða væri til að endurskoða útreikning þorskígilda þannig að þau tækju einnig mið af mismunandi tilkostnaði við veiðar. Að þessu leyti er tilgangur þeirra breytinga sem boðaðar eru jákvæður, þótt efast megum um hvernig til hefur tekist.

Greinargerðin með frumvarpinu fer að stærstum hluta í að útskýra m.a. með framandlegum stærðfræðitáknum hvernig reikna á vegið meðaltal veiðikostnaðar einstakra fiskitegunda eftir skipaflokkum. Þótt sú stærðfræði sé vafalaust rétt má draga réttmæti þessa útreiknings í efa af ýmsum ástæðum eins og bent er á í greinargerðinni m.a. vegna þess að í mörgum tilvikum er um að ræða meðafla og eins er mismunandi sóknartími og fjarlægð á mið ekki að fullu tekinn með í útreikningana eftir því sem fram kemur.

Botnfiskafli íslenskra fiskiskipa er að stórum hluta blönduð veiði togara og dragnótaskipa og fá skip eru gerð út á eina fisktegund, þó það þekkest svo sem í grálúðuveiðum og úthafskarfa. Sú útreikningsaðferð sem lögð er til grundvallar í frumvarpinu kann því að gefa bjagaða mynd af skiptingu kostnaðar. Þá má benda á að stærsti rekstrarkostnaðarliður veiða er launakostnaður, sem fylgir aflaverðinu vegna hlutaskiptanna og mælist því vel í núverandi útreikningi þorskígildisstuðla. Annar stærsti liðurinn er orkukostnaður, sem skv. greinargerðinni er ekki haldið til haga í útreikningunum.

- VII. **Hagræðing og framlegð eftir skipaflokkum.** Við þetta er því að bæta að það að reikna framlegð eftir skipaflokkum felur í sér réttlætningu á óhagkvæmni. Mikill rekstrarkostnað við veiðar á óhagkvæmum skipum er bættur með því að lækka afkomustuðul og þar með veiðigjaldið. Margt bendir til þess að í stað meðaltalsreikning ætti að byggja á fræðilegri greiningu nauðsynlegs kostnaðar við veiðar á hverri fisktegund um sig. Sætir reyndar furðu að slík greining eða aðra talnalegar upplýsingar um útgerðarkostnað skulu ekki liggja fyrir hjá samtökum útgerðarmanna.

- VIII. **Viðamikil skriffinnska.** Ekki verður hjá því komist að benda á það viðamikla skriffinnskukerfi sem boðað er til að reikna út veiðikostnað fyrir þann fisk sem dreginn

verður á land í framtíðinni. Bent er á að slíkt kerfi sé hvergi að finna í heiminum. Skýringin kann að vera takmarkað notagildi fremur en að hugmyndaflug hafi vantað.

- IX. **Tekjuáhrif.** Ekki liggja fyrir upplýsingar til að meta tekjuáhrifin af frumvarpinu. Að því leyti er greinargerðin lítt upplýsandi þótt vitað sé að allar reikniforsendur séu til staðar hjá Fiskistofu. Lauslegur samanburður á veiðigjöldum skv. frumvarpinu og veiðigjöldum á fiskveiðiarinu 2013/14 benda þó til þess að tekjulækkunin sé vanmetin. Eins og taflan hér á eftir ber með sér lækkar veiðigjald á þorsk um 30% og meira á flestar aðrar botnfisktegundir aðrar en ýsu, skarkola og steinbít þar sem lækkunin er um 17%. Mætti ætla að meðallækkun sé um eða yfir 30% sem lækka myndi tekjur um nálægt 3 milljarða króna en lækkun tekna er í greinargerðinni áætluð um 1,8 milljarðar króna. Á þessu skal þó hafður fyrirvari því eins og áður segir eru upplýsingar með frumvarpinu af skornum skammti. Mismunurinn kann að liggja í því að frádráttarliðir (frítekjumark og skuldaáhrif) lækki eða að aukning á aflaheimildum milli ára sé látin vega tekjulækkunina upp.
- X. **Forsendur lækkaðra veiðigjalda.** Samkvæmt greinargerðinni er helsta forsenda þess að lækka veiðigjöld nú talin versnandi afkoma sjávarútvegs aðallega vegna lækkandi fiskverðs. Afkoma sjávarútvegs er sveiflukend í eðli sínu þótt verulega hafi dregið úr sveiflum á unadanförnum árum að öðru leyti en því sem þær stafa af gengissveiflum. Þrátt fyrir að eitthvað hafi látið undan síga á síðustu misserum er afkoma í sjávarútvegi í miklum hæðum sögulega séð og líklega önnur eða þriðja besta frá upphafi. Hér vantar einnig að fullyrðingar frumvarpsins hafi verið undirbyggðar með upplýsingum um þróun fiskverðs og verðvísitölu sjávarafurða svo og útreikninga á arði eða að minnsta kosti EBITDA í fiskveiðum en allar þær upplýsingar liggja fyrir í tiltækum gögnum frá Hagstofu Íslands. Eftirfarandi er lauslegt mat á EBITDA byggt á þeim gögnum og auðvelt er að framreikna það til næstu ára með hliðsjón af breytingum á fiskverði og aflamagni.

Sjávarútvegur alls					
	2008	2009	2010	2011	2012
Tekjur	173.662	205.137	220.162	263.413	265.981
EBITDA	47.585	63.562	63.638	79.941	79.777
EBITDA%	27,4%	31,0%	28,9%	30,3%	30,0%
Veiðigjöld	500	1.000	2.300	3.600	7.500
EBITDA fyrir veiðigjöld	48.085	64.562	65.938	83.541	87.277
EBITDA % fyrir veiðigjöld	27,7%	31,5%	29,9%	31,7%	32,8%

Áhrif veiðigjalda á rentu og þar með kvótaverð benda ekki til þess að rentan hafi farið minnkandi. Línuritið sýnir verð á aflamarki sl. ár. Lækkun verðsins í kjölfar upptöku alvöru veiðigjalda er greinileg og í lok tímabilsins þegar þau eru lækkuð hækkar verð á aflamarki þrátt fyrir að þá hafi fiskverð verið lækkandi. Bendir það til þess að rentan eftir

greiðslu veiðigjalda hafi farið hækkandi við þá aðgerð og að forsendur lækkunar nú séu hæpnar.



	Veiðigjöld 2014/15	Þorskígildi 2013/14	Veiðigjöld 2013/14	Breyting	%
Blálanga	5,71	0,67	11,31		-50%
Búrfiskur	42,02	1,96	33,08		27%
Djúpkarfi	11,16	1,09	18,40		-39%
Grálúða	18,28	2,67	45,07		-59%
Grásleppa	4,94	0,79	13,34		-63%
Gullkarfi	10,80	0,89	15,02		-28%
Hlýri	14,02	1,10	18,57		-24%
Keila	5,25	0,52	8,78		-40%
Langa	7,38	0,73	12,32		-40%
Langlúra	3,78	0,68	11,48		-67%
Litli karfi	3,86	0,41	6,92		-44%
Lýsa	4,36	0,51	8,61		-49%
Sandkoli	1,97	0,28	4,73		-58%
Skarkoli	9,90	0,71	11,98		-17%
Skráþflúra	1,84	0,19	3,21		-43%
Skötuselur	21,90	1,98	33,42		-34%
Steinbítur	13,42	0,95	16,04		-16%
Ufsi	7,64	0,82	13,84		-45%
Úthafskarfi	13,99	1,25	21,10		-34%
Ýsa	16,07	1,15	19,41		-17%
Þorskur	11,74	1,00	16,88		-30%
Sólkoli	24,16	1,51	25,49		-5%
Öfugkjafta	1,14	0,43	7,26		-84%
Síld	9,76	0,26	12,42		-21%
Loðna	4,86	0,14	6,69		-27%
Kolmunni	2,72	0,14	6,69		-59%
Makríll	7,56	0,36	17,19		-56%

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1757
komudagur 5.5.2014

Reykjavík, 5. maí 2014

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar), þskj. 989, 568. mál

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fiskvinnslustöðva um ofangreint frumvarp.


Samtökin telja að veiðigjöld sem fyrirhugað er að leggja á samkvæmt 5. grein frumvarpsins séu alltof há og óraunhæft að áætla að skatttekjur veiðigjalda verði yfir 8 milljarða á ári til 2017. Stjórnvöld byggja ekki á greiðslugetu atvinnugreinarinnar, heldur væntingum ríkissjóðs um hvað sé hægt að taka mikð fé út úr atvinnugreininni. Í ljósi þess að krafan er miklu hærri en fyrirtækin fá almennt staðið undir er frumvarpið sérsniðið til þess að skattleggja best reknu fyrirtækin en öðrum gefinn afsláttur. Þetta mun skaða atvinnugreinina og tefja nauðsynlega framþróun.

Samtökin hafa áður gagnrýnt í umsögnum sínum lög um veiðigjöld nr. 74/2012. Með frumvarpinu er staðfest að aðferðarfræði veiðigjaldalaganna er óframkvæmanleg. Það er því illskiljanlegt af hverju stjórnvöld hafa ekki nýtt betur tímann til að vinna með hagsmunaaðilum að niðurstöðu í þessu máli.

Meðfylgjandi er álitserð Mörkinnar lögmannsstofu ehf. dags. 4. maí 2014, um ofangreint frumvarp, en þar koma fram alvarlegar athugasemdir við efni frumvarpsins. Segir meðal annars í álitserðinni að: „Gjöld eins og þau sem hér um ræðir eru svo stórfellt inngrip í afkomu viðkomandi fyrirtækja að þau fela í reynd í sér eignaupptöku að okkar mati. Slík skattheimta er andstæð 72. gr. stjórnarskrárinnar. Breytingar sem ráðgerðar eru í frumvarpinu ráða engan veginn bót á þessum annmarka að okkar áliti.“


Samtökin hafa ítrekað varað við þessari ofurskattlagningu og áhrifum á samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs. Veiðigjöld fyrir síðasta ár námu tæpum helmingi af öllum hagnaði útgerðarinnar og samsvara 48% tekjuskattshlutfalli. Tekjuskattshlutfall annarra atvinnugreina er 20% og sýnir þetta vel hversu langt stjórnvöld eru komin frá hugmyndum um hóflegt auðlindagjald. Ekkert bendir til að arðsemi í sjávarútvegi sé svo miklu betri en í annarri atvinnustarfsemi sem réttlætt geti þessa gríðarlegu skattlagningu.

Hreinn hagnaður fyrir skatta (EBT) - á hverju ári og uppsafnað



Líkt og sjá má á meðfylgjandi línuritum nemur uppsafnaður hagnaður sjávarútvegs á undanförmum 9 árum 23 milljörðum króna. Afkoma greinarinnar hefur vissulega verið viðunandi undangengin 2-3 ár en sá viðsnúningur kemur í kjölfar afar slæmrar afkomu árunna 2004 til 2008. Þetta sést enn betur þegar þróun eiginfjár sjávarútvegsfyrirtækja er skoðað í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 2011 var um 104 milljarðar króna og var nær óbreytt frá 2004 er það nam tæpum 90 milljörðum króna. Til samanburðar hafði eigið fé iðnfyrirtækja aukist úr 58 milljörðum í 272 og eigið fé verslunar úr 132 milljörðum í 315. Aðeins byggingastarfsemi og mannvirkjagerð er með lakari þróun en sjávarútvegur á þessu tímabili.

Eigið fé atvinnugreina frá 2004-2011



Það er alkunna að afkoma í sjávarútvegi er afar sveiflukennd og því mikilvægt að afkoma greinarinnar sé mjög góð þegar vel árar til að geta tekist á við niðursveiflur. Það er því ekkert í afkomutölum greinarinnar sem réttlætir sérstaka skattalega meðferð sjávarútvegsfyrirtækja eins og lagt er upp með í frumvarpi þessu.

Hættan er sú að þessi mikla skattlagning dragi úr nýsköpun og fjárfestingu í greininni og til lengri tíma getu sjávarútvegsins til að skapa gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið. Þetta er sérstaklega varhugavert í ljósi þess að íslenskar útgerðir keppa við stórlega ríkisstyrktan sjávarútveg t.d. í Noregi og Rússlandi. Ítrekað hefur verið varað við skaðlegum áhrifum

Þessarar óhóflegu skattlagningar og þróunin innan greinarinnar hefur sýnt að full ástæða er til að sýna hér aðgát. Engu að síður hefur engin úttekt enn farið fram á áhrifum svo mikillar skattlagningar á atvinnugreinina af hálfu stjórnvalda. Í því felst mikið ábyrgðarleysi þegar svo nærri er gengið að fjárhagslegri undirstöðu heillar atvinnugreinar sem raun ber vitni.

Efni frumvarpsins veldur samtökunum miklum vonbrigðum, en mótmæla verður sérstaklega túlkun frumvarpshöfunda á því að veiðigjöld sé ekki skattur, en veiðigjöldin eru ekkert annað en hrein skattheimta, sbr. álit Mörkinnar lögmansstofu. Augljóst er að ekki er tekið nægjanlegt tillit til versnandi afkomu útgerða í frumvarpinu. Gjaldtakan er sligandi fyrir minni útgerðir. Þótt ætlunin sé að lækka heildargreiðslur greinarinnar frá óbreyttum lögum þá er hlutfallsleg lækking veiðigjalda mun minni en sem nemur versnandi afkomu. Samkvæmt frumvarpinu lækka tekjur ríkisins af veiðigjaldinu um 1,5 milljarð króna á næsta ári eða um 16%. Engu að síður hefur afkoma útgerðarinnar versnað um allt að 30% frá árinu 2012. Skatturinn hefur þannig hækkað í raun.

Við ákvörðun sérstaka veiðigjaldsins samkvæmt frumvarpinu er að hluta til stuðst við ákvæði laga nr. 74/2012 og meðal annars miðað við metinn hagnað útgerðar og fiskvinnslu árið 2012. Samtökin telja óásættanlegt að útgerðir sem ekki reka fiskvinnslu séu skattlagðar vegna metins hagnaðar fiskvinnslu óskyldra aðila. Skattinn á einungis að leggja á aflaheimildir og afla fiskiskipa. Svo langt er gengið í þessa átt að útgerðir eru skattlagðar vegna hagnaðar fiskvinnslu sem kaupir hráefni af erlendum aðilum og vinnur á Íslandi. Við ákvörðun sérstaka veiðigjaldsins samkvæmt frumvarpinu er byggt á mati Hagstofu Íslands á afkomu sjávarútvegsins árið 2012. Fyrir liggur að Hagstofan mat afkomuna um allt að 5 milljarða króna betri en hún var í raun árið 2011. Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta og eins fyrir árið 2012.

Samtökin telja ófært að leggja veiðigjöld á einstök fyrirtæki vegna afkomu annarra aðila eins og gert er með lögum um veiðigjöld og í frumvarpinu. Skatturinn verður að miðast við afkomu einstakra fyrirtækja og leggjast á hagnað umfram það sem almennt gerist í atvinnurekstri. Mikilvægt er að fyrirtækjum í sjávarútvegi sé ekki mismunað, sbr. álit Mörkinnar lögmansstofu. Athygli er vakin á því að afsláttur af sérstaka veiðigjaldinu vegna vaxtakostnaðar kemur afar misjafnt niður og ætti sú mismunun að hverfa og sérstaka veiðigjaldið að lækka vegna fjármagnskostnaðar allra rekstrarþátta hjá öllum.

Um 1. og 3. gr.

Samtökin telja jákvætt að hætta að miða við þorskígildi sem gjaldstofn veiðigjalda og miða frekar við aflamagn. Þorskígildisstuðullinn er ónothæfur mælikvarði í þessu efni, en hann tekur ekki tillit til mjög misjafn kostnaðar við veiðar einstakra fisktegunda eða ólíks vinnslustigs landaðs afla við skilgreiningu á þorskígildisstuðlum.

Einnig er jákvætt að fella út skiptingu skattsins á botnfiskveiðar og uppsjávarveiðar, en sú skipting dugði engan veginn til að ná fram réttri skiptingu gjaldsins á fisktegundir.

Um 2. gr

Samtökin telja að ekki beri að veita afslátt af sérstaka veiðigjaldinu. Samtökin mótmæla mismunun sem skattaafslátturinn felur í sér að því leyti að stór hluti útgerða smábáta er skattfrjáls. Engin ástæða er til að gefa eftir veiðigjaldið á strandveiðibátum sem voru með um 2,5 milljarða í tekjur á árinu 2012 af heildartekjum útgerða smábáta undir 10 brt., en smábátarnir voru með um 7,4 milljarða í tekjur á árinu 2012 skv. upplýsingum Hagstofunnar. Veiðigjöldin eiga að ná yfir alla og fráleitt að auka enn skattfrelsi smábáta með þeim hætti að álagning sem ekki nær 250.000 kr. sé felld niður.

Um 4. gr.

Samtökin telja æskilegt að skattaafsláttarákvæðið verði fellt brott og þess í stað verði veiðigjöldin lækkuð verulega. Ákvæðið er viðurkenning á því að í veiðigjöldunum felst ofurskattlagning sem keyra mun fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki í þrot. Nauðsynlegt er að upplýst verði hver skattaafslátturinn hefur verið á hverju almanaksári og hvaða fyrirtæki hafa fengið afsláttinn.

Um 5. gr.

Samtökin telja það jákvætt skref að í stað þorskígildisstuðla verði stuðst við svokallaða afkomustuðla sem þó eru haldnir innbyggðum skekkjum við mat á reiknaðri framlegð við veiðiúthald. Þorskur vegur of mikið og skekkir alla heildarmyndina og hefur áhrif á það hvernig veiðigjaldið fellur á einstakar fisktegundir. Í afkomustuðlunum felst aðeins nálgun, en þeir taka ekki mið af raunverulegri afkomu hvers fyrirtækis sem er grundvallaratriði við álagningu skatta. Þannig eiga enn við sömu sjónarmið við ákvörðun skatta við afkomustuðlana og á við um not gagna Hagstofu Íslands sem skattlagningargrunn. Aðferðin stenst tæpast kröfur stjórnarskrárinnar um skýrar og gagnsæjar skattlagningarheimildir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur ekki fram hverjar eru forsendur þessa reikniverks og hvernig menn fara að því að meta einstaka þætti innan fiskveiða, þannig að til dæmis sé skilið á milli nýtingar auðlindarinnar og síðan eðlilegrar vinnslu sem auðlindarenta á ekkert skylt við.

Samtökin mótmæla sérstaklega að miðað sé við óslægt aflamagn. Það er aðeins ákvörðun heildarafla sem styðst við óslægt aflamagn, en alltaf hefur verið miðað við slægð kíló þegar afli er reiknaður til kvóta. Veiðigjöldin á að miða við aflamagn sbr. 1. gr. frumvarpsins og því eðlilegt að veiðigjöldin miði við slægðan afla til samræmis.


Um 6. gr.

Samtökin telja að í öllum tilvikum beri að innheimta veiðigjöld eftir að tekna hefur verið aflað og leggja því til að 1. grein frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að veiðigjöld verði innheimt af lönduðum afla.


Að lokum telja samtökin mikilvægt að stefnumörkun stjórnvalda feli í sér hvata til að auka tekjur og minnka kostnað sjávarútvegsins. Lögin um veiðigjöld og umrætt frumvarp fela í sér þveröfuga hvata og leiðir til minni tekna, aukins kostnaðar, óvissu og skammtímahugsunar. Fjölmargar úttektir sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja í tengdum greinum, greinargerðir fjármálafyrirtækja, sveitarfélaga, viðurkenndra sérfræðinga á sviði hagfræði og endurskoðunar og fjölmargra annarra aðila hafa allar verið á einn veg.

Óhjákvæmilega mun eiga sér stað uppstokkun í sjávarútvegi og eiga þar veiðigjöld stóran þátt. Þetta mun leiða til enn frekari samþjöppunar fyrirtækja, yfirtökum og gjaldþrotum með viðtækum afleiðingum fyrir starfsfólk, byggðarlög og samfélagið allt. Alvarlegasta afleiðingin er síðan sú að íslenskur sjávarútvegur verður ekki samkeppnisfær og verður undir í alþjóðlegri samkeppni.

Virðingarfyllst,



f. h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva

Meðfylgjandi er álitsgerð Mörkin lögmannsstofu, dags. 4. maí 2014



Landssamband ísl. útvegsmanna
b. t. Kolbeins Árnasonar framkvæmdastjóra
Borgartúni 35
105 REYKJAVÍK

ÁLITSGERÐ

Samkvæmt beiðni LIÚ höfum við farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012, með síðari breytingum (þingskjal 989 – 568. mál). Lagafrumvarpið er til meðferðar á Alþingi sem nú situr.

Helstu breytingar sem ráðgerðar eru með frumvarpinu eru þessar:

- Gjaldstofni almenns og sérstaks veiðigjalds samkvæmt 7. gr. laganna er breytt. Skal hann nú vera „*aflamagn hvers gjaldskylds aðila*“ en er samkvæmt gildandi lögum „*aflí hvers gjaldskylds aðila í þorskígildum samkvæmt úthlutun aflamarki*“.
- Afsláttarreglu 2. mgr. 9. gr. er breytt. Hún miðast nú við tiltekinn fjölda þorskígildiskílóa en skal samkvæmt frumvarpinu miðast við tiltekna fjárhæð álagðs sérstaks veiðigjalds.
- Í frumvarpinu felast grundvallarbreytingar á niðurjöfnun veiðigjalda. Er gert ráð fyrir að taká upp afkomustuðla sem miðast við reiknaða framlegð við veiðiúthald á hverjum nytjastofni og taki þeir mið af reiknaðri framlegð við veiðiúthald á þorski. Í 5. gr. frumvarpsins er tafla sem sýnir hvernig veiðigjöldin koma út á fiskveiðiárinu 2014/2015 miðað við þessar reiknuðu forsendur. Af töflunni sést glögg að grundvallarbreyting er gerð á skiptingunni milli almenns og sérstaks veiðigjalds.
- Með frumvarpinu er lagt til að heildarfjárhæð veiðigjalda verði ákveðin sem 35% af öllum hagnaði (EBT) við veiðar og 20% af hagnaði í fiskvinnslu samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands, Hagur veiða og vinnslu 2012.

Umsögn okkar um frumvarpið fer hér á eftir.



1. Eru veiðigjöld skattar?

Í greinargerð með frumvarpinu er staðhæft að veiðigjöld séu ekki skattur „heldur afgjald fyrir afnot aflheimilda“. Þessi staðhæfing sýnist okkur vera sett fram í þeim tilgangi að undirbyggja þá skoðun að regluverkið um álagningu gjaldanna þurfi ekki að uppfylla allar sömu kröfur og gerðar eru að stjórnskipunarlögum til skattareglna. Augljóst er að ef á reynir eru það dómstólar sem eiga endanlegt úrlausnarvald um það hvort Alþingi hefur að stjórnskipunarlögum heimild til að ákveða gjaldtöku eins og þá sem hér er til umfjöllunar.

Við mat á því hvort veiðigjaldið teljist skattur í skilningi 77. gr.

stjórnarskrárinnar er það ekki heiti gjaldsins sem úrslitum ræður, heldur eðli þess. Hugtakið „skattur“ hefur verið skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Skattur er greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera“.¹

Sérgreint endurgjald mun ekki koma fyrir veiðigjaldið eins og ætlunin er að það verði ákvarðað samkvæmt frumvarpinu. Það er álit okkar að veiðigjöldin samkvæmt lögum nr. 74/2012 séu skattar og það breytist ekki þótt frumvarpið sem hér er til umfjöllunar verði að lögum.

2. Framsal skattlagningarvalds

Við höfum áður látið í ljós þá skoðun að álagningarreglur um veiðigjöld feli í sér framsal á skattlagningarvaldi sem sé andstætt ákvæðum 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Í þeirri grein segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Ákvæði laga nr. 74/2012 um veiðigjaldsnefnd og hlutverk hennar fara að okkar áliti augljóslega í bága við ákvæðið. Það kemur beinlínis fram í frumvarpinu að nefndin hafi átt í umtalsverðum erfiðleikum með að vinna öll þau gögn sem nauðsynleg voru til að

¹ Jónatan Þórmundsson, Fyrirlestrar í skattarétti, 1982.



hún gæti gegnt hlutverki sínu og að með frumvarpinu sé reynt að bregðast við slíkum vandamálum.

Gögnin sem veiðigjaldsnefnd er ætlað að leggja til grundvallar álagningu gjaldanna eru ógagnsæ og gjaldendur hafa engin raunhæf tök á að kanna hvort þar séu réttar upplýsingar lagðar til grundvallar. Þannig segir t. d. í kafla 3.2.2 í frumvarpinu:

Um er að ræða nokkuð nýstárlega aðferð sem byggist á þeirri forsendu að fyrir liggja mjög nákvæm og ítarleg gögn sem gera útreikningana mögulega. Rétt er að leggja áherslu á að með þessari aðferð er sú kostnaður sem dreginn er frá tekjum þröngt skilgreindur breytilegur kostnaður. Því er hér ekki um útreikning á hefðbundinni framlegð að ræða og alls ekki á heildarhagnaði sjávarútvegs á viðkomandi tímabili.

*...
Við hverja löndun er afli og verðmæti hans skráð í kerfi Fiskistofu en gögnum um úthaldsdaga veiðiferða er skilað af skipstjórnarmönnum, en þó ekki í öllum tilfellum á löndunardegi og eru þau því ekki alveg eins áreiðanleg.*

Til samanburðar bendum við á að á álitafni af sambærilegum toga reyndi í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-631/2012, ALMC hf. gegn íslenska ríkinu. Til umfjöllunar var hvort gjald, sem lagt var á lánastofnanir til að standa straum af kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns skuldara, samkvæmt lögum nr. 100/2012 um umboðsmann skuldara. Í lögnum var kveðið á um sérstakan starfshóp, sem falið var að ákvarða hvaða fjárhæð skyldi innheimta á grundvelli laganna og hvernig þeirri fjárhæð skyldi skipt á þá aðila sem töldust vera lánastofnun í skilningi laganna, „í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar“. Héraðsdómur taldi skattlagningarheimildina ekki uppfylla skilyrði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og dæmdi íslenska ríkið til að endurgreiða stefnanda gjaldið, sem innheimt hafði verið. Rökstuðningur héraðsdóms hvað þetta atriði varðaði var svohljóðandi:

„Eina hlutverkið sem nefndinni var falið og tengist álagningu gjaldsins var að gera áætlun um kostnað við rekstur embættis umboðsmanns skuldara árið 2010 en það voru lögín sjálf sem kváðu á um að slík áætlun skyldi verða grundvöllur álagningar. Telja verður að sú skipan mála hafi ekki verið í andstöðu við 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er tekið undir



Það með stefnanda að skatthlutfall hafi ekki verið nægilega skýrt skilgreint í lögnum þar sem ekki hafi komið fram í þar að ætlunin hafi verið sú að miðað væri við fjárhæð útlána eins og raunin varð heldur í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sem mögulegt er að mæla á annan hátt. Loks skortir á að tilgreint sé það tímamark sem miða á útlán við. Öll þessi skipan mála leiddi til þess að stefnandi hafði engar forsendur til að staðreyna álagninguna. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða dómars að á skorti að nægilega hafi verið tilgreint í lögnum hver væri skattstofn og hvert væri skatthlutfall og verður því að telja að um ólögmeða skattlagningu hafi verið að ræða sem hafi brotið lagastöð og að með henni hafi verið brotið gegn 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.“

Íslenska ríkið undi niðurstöðunni, þannig að það reyndi ekki á þessi álitæfni og raunar fleiri, sem uppi voru í málinu, fyrir Hæstarétti. Sú staðreynd að íslenska ríkið hafi ákveðið að una dóminum segir þó sína sögu, augljóst er að ríkið hefði áfrýjað nema vegna þess að fulltrúar þess sáu að lögin, sem á reyndi, voru óvönduð og ekki í neinu samræmi við skattlagningarheimildir í öðrum lagabálkum. Það er mat okkar að frumvarpið, sem hér er til umfjöllunar, sé háð annmörkum af sama meidi.

3. Jafnræði skattaðila

Eins og áður segir er því haldið fram í frumvarpinu að gjöldin séu ekki skattur heldur gjald fyrir afnot aflaheimilda. Samkvæmt stjórnarskránni er óheimilt að mismuna aðilum í lagalegu tilliti. Álagningarreglur núgildandi laga fela að okkar áliti í sér mismunun gjaldenda – sumir þeirra sem eiga aflaheimildir þurfa ekki að greiða fyrir afnotin vegna frádráttarreglna sem byggðar eru inn í regluverkið um álagninguna. Þar sem íslenska ríkið hefur við undirbúning frumvarpsins gefið sér hvaða fjárhæð gjöldin muni skila liggur í augum uppi að gjöldin verði þeim mun hærri hjá þeim eiga að standa undir tekjuöfluninni.

Í lagafrumvarpinu eru ekki leitast við að ráða bót á þessum annmarka á gildandi lögum um veiðigjöld.



4. Álitamál varðandi 72. gr. stjórnarskrárinnar

Skattlagning samkvæmt frumvarpinu er augljóslega afar íþyngjandi fyrir þá sem eiga að standa undir greiðslu gjaldanna. Skattstofninn er gríðarlega hár, ekki síst í ljósi þess að fyrirtækjunum er eftir sem áður ætlað að greiða önnur opinber gjöld eins og áður, þ. m. t. tekjuskatt samkvæmt lögum nr. 90/2003. Í regluverkinu um gjaldstofninn eru ákvæði um að afrakstur af fiskvinnslu skuli mynda hluta af gjaldstofninum. Fiskvinnsla er þó ekki háð því að viðkomandi fyrirtæki stundi fiskveiðar eða eigi aflaheimildir.

Gjöld eins og þau sem hér um ræðir eru svo stórfellt inngríp i afkomu viðkomandi fyrirtækja að þau fela í reynd í sér eignaupptöku að okkar mati. Slík skattheimta er andstæð 72. gr. stjórnarskrárinnar. Breytingar sem ráðgerðar eru í frumvarpinu ráða engan veginn bót á þessum annmarka að okkar áliti.

5. Afturvirk skattlagning

Regluverkið um álagningu gjaldanna byggist á flókinni öflun upplýsinga frá fyrri rekstrartímabilum. Þetta er sérstaklega áréttað í kafla 3.2.2 í frumvarpinu – inni í miðjum illskiljanlegum formúlum sem ætlað er að útskýra álagningargrunninn. Þar segir m. a.:

Ástæðan fyrir því að notast er við gögn Hagstofu í þessum útreikningi, sem eru tveimur árum eldri en það tímabil sem reiknað er fyrir, er sú að yngri gögn eru ekki fáanleg.

Þetta er væntanlega „röksemd“ fyrir því að leggja veiðigjöld á afkomu löngu liðins rekstrarárs. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar er óheimilt að leggja á skatt nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Það var engin heimild í lögum fyrir veiðigjaldinu sem ætlað er að leggja á samkvæmt frumvarpinu þegar sá rekstur átti sér stað sem á að verða grundvöllur gjaldanna á komandi fiskveiðiárinu 2014/2015. Sú álagning verður því að okkar mati ólögæt ef frumvarpið verður óbreytt að lögum.



Reykjavík 4. maí 2014

MÖRKIN LÖGMANNSSTOFA HF.



Ragnar Halldór Hall hrl.



Gísli Guðni Hall hrl.

Gísli Guðni Hall hrl.

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1758
komudagur 5.5.2014

Grindavík 5. maí 2014

Efni: Umsögn Landssambands Línubáta um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum, þskj. 989 – 568. mál.

Landssamband Línubáta (hér eftir nefnt „LL“) þakkar fyrir að sambandinu hafi verið gefinn kostur á að leggja fram umsögn sína um ofangreint frumvarp við meðferð þess á Alþingi.

Hér að neðan gefur að líta almennar athugasemdir LL við efni frumvarpsins.

LL lýsir sig andsnúið efni frumvarpsins, enda er LL andvígt öllum hugmyndum í þá átt að bæta sérstöku veiðigjaldi ofan á hið almenna. Furðar LL sig á því að í umræddu frumvarpi sé gjaldið nefnt „afgjald“, þar sem um skattlagningu er að ræða í hefðbundnum skilningi þess hugtaks.

Að mati LL felur gjaldtakan ekki annað í sér en sértæka skattlagningu á sjávarútveginn sem atvinnugrein. Verði frumvarpið að lögum óbreytt sé ljóst að skattheimta á sjávarútveginn verður mun meiri en á aðrar atvinnugreinar í landinu, jafnvel þær atvinnugreinar byggja afkomu sína á hvers kyns nýtungu náttúruauðlinda, svo sem fyrirtæki í ferðamannaíðnaði og orkuframleiðslu. Slík skattheimta er að mati LL í senn ósanngjörn, óskynsamleg auk þess sem þyngri skattlagning einnar atvinnugreinar umfram aðrar brýtur gegn lögfestum og viðurkenndum jafnræðissjónarmiðum.

Í almennri umræðu hefur þeirri skoðun verið gerð hátt undir höfði að eðlilegt sé að sjávarútvegurinn greiði ríkinu gjald fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Raunar virðast þau sjónarmið hafa náð fótfestu í þeirri umræðu að eðlilegt sé að hart sé gengið fram gagnvart sjávarútveginum við skattlagningu í því skyni að sækja til greinarinnar aukið fé, oft á tíðum meira en greinin getur staðið undir.

LL útiloka ekki að færa megi fyrir því málefnaleg rök að þau atvinnufyrirtæki sem nýta auðlindirnar í rekstri sínum og/eða framleiðslu beri að greiða hóflegt gjald vegna þess aðgangs. Telur LL eðlilegt og sanngjarnt að fjárhæð þess gjalds taki eðlilegt mið af afkomu greinarinnar.

Fyrirliggjandi frumvarp ber ekki þess merki að samhengi sé milli skattheimtu annars vegar, og afkomu greinarinnar, hins vegar. Sú skattlagning sem frumvarpið mælir fyrir um getur að mati LL með engum hætti talist hófleg í tilviki sjávarútvegsins. Telur LL að skattlagningin sem frumvarpið mælir fyrir um sé svo umfangsmikil að veruleg hætta sé á að útgerðarfyrirtæki á Íslandi, einkum þau meðalstóru og litlu, muni ekki geta staðið undir henni. Að því leyti telur LL frumvarpið skaðlegt þar sem það muni fyrirsjáanlega vega að rekstrargrundvelli smærri útgerða um land allt og grafa undan tilveru þeirra.

LL bendir á að þegar veiðigjaldinu var upphaflega komið á, árið 2002, byggði innheimta þess á þeirri forsendu að með því væri sjávarútvegurinn sem atvinnugrein að styrkja stoðir þeirra opinberu stofnana sem greinin heyrir beint eða óbeint undir, s.s. Hafrannsóknarstofnun.

Frá því að gjaldinu var í upphafi komið á hefur fjárhæð þess snarhækkað og skattbyrði útgerðarinnar í landinu þar með. Á sama tíma hafa fjárframlög til þeirra stofnana sem gjaldinu var ætlað að renna til við skorin niður svo í óefni stefnir.

Verður ekki betur séð en að nú sé svo komið að ríkisvaldið líti á veiðigjaldið, bæði hið almenna og það sérstaka, sem einn af hinum almennu tekjustofnum þess sem nýta skuli til flestra annarra þátta ríkisrekstursins en til rannsókna og vísinda í þágu þeirra sem gjaldið greiða. Af þeirri ástæðu m.a. verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að gjaldheimtan feli í sér skattlagningu á útgerðina, en ekki „afgjald“ fyrir nýtingu auðlindarinnar. Grundvöllur þeirrar gjaldtöku sem lagt var upp með í upphafi sé því fyrir löngu brostinn.

LL leggur áherslu á að við meðferð málsins í atvinnuveganefnd Alþingis verði lagt sérstakt mat á það hvort frumvarpið eins og það liggur fyrir standist ákvæði stjórnarskrár.

Að mati LL megi færa efnisleg rök fyrir því að í frumvarpinu felist afturvirk skattlagning sem sé óheimil samkvæmt ákvæðum 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verði ekki betur séð en að hin óhóflega skattlagning sem frumvarpið mælir fyrir um brjóti gegn eignarréttarákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem í henni felist í raun eignaupptaka, auk þess sem til skoðunar hljóti að koma hvort frumvarpið samræmist atvinnufrelsisákvæði 75. gr.

LL leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld grípi til ráðstafana sem eru til þess fallnar að efla vöxt og viðgang sjávarútvegsins sem undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar. Efni þess frumvarps sem hér er veitt umsögn um ber þess engin merki að sá sé tilgangur þess. Þvert á móti verði að telja að frumvarpið sé greininni skaðlegt, ekki síst minni og meðalstórum fyrirtækjum sem í henni starfa, eins og áður segir.

Með vísan til þess sem að ofan greinir getur LL **ekki** mælt með samþykkt frumvarpsins.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til þess að mæta til fundar við atvinnuveganefnd Alþingis til þess að fjalla nánar um þau sjónarmið sem fram koma í umsögn þessari.

**Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands Línubáta,**

**Reynir Þorsteinsson,
framkvæmdastjóri.**

5. maí 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar). (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Það er skoðun Landssambands smábátæigenda að ekki sé sanngjarnt að uppfæra sömu aðferðafræði um veiðigjöld á alla útgerðarhópa sem nánast eingöngu veiða bolfisk, án þess að taka að fullu tillit til kvótaleigu, atvinnusköpunar í landi og endanlegs afurðaverðs. Vegna þessa er frumvarpið stórlega gallað og kallar á frekari vinnu við nýja aðferðafræði sem boðuð er.

Þá er það einnig skoðun LS að samtímis frumvarpinu verði að liggja fyrir boðað frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem áformað er að gera samninga við hlutdeildarhafa um nýtingarétt og að byggt skuli á skiptingu aflaheimilda í tvo flokka; aflahlutdeildahafa og tímabundna úthlutun.

Í þriðja lagi vekur LS athygli á að með frumvarpinu um veiðigjöld eru ekki allar boðaðar tillögur um gjaldtöku á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar komnar fram. Það þarf að liggja skýrt fyrir hvort stjórnvöld hafi í hyggju frekari skattlagningu, þ.e. skattlagningu á sjávarútveginn í heild sinni.

I. Ályktun aðalfundar LS

29. aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2013 samþykkti eftirfarandi um veiðigjöld:

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að fyrstu 100 þorskígildistonnin verði undanskilin sérstöku veiðigjaldi og ½ gjald verði frá 100 að 200 tonnum.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega sérstöku veiðigjaldi á sjávarútveginn. Fundurinn dregur stórlega í efa að þessi gjaldtaka standist stjórnaskrá eða stjórnsýslulegar kröfur um skattlagningu. Fundurinn leggur til að LS kanni þann möguleika að ráðast í málsókn vegna sérstaks veiðigjalds og ef það er niðurstaða að sá möguleiki sé líklegur til árangurs, skal LS standa fyrir slíkri málsókn“

II. Fastur afsláttur lækkaður

Það er Landssambandi smábátæigenda verulegt áhyggjuefni að ekki sé tekið tillit til sjónarmiða félagsins sem fram koma í framangreindri ályktun aðalfundar um hækkun afsláttarmarkna á sérstöku veiðigjaldi. Í frumvarpinu er gengið svo langt að hámarksafsláttur gengur þvert á óskir smábátæigenda í stað þess að hann sé varinn og hann hækkaður er gert ráð fyrir að afslátturinn verði aðeins helmingur þess sem hann er í dag. Lækkaður verulega, úr kr. 479.700 niður í 250.000.

III. Kvótaleiga utan kostnaðar við veiðar

Landssamband smábátæigenda mótmælir því harðlega að við útreikninga á gjaldstofni hvernar fisktegundar skuli ekki tekið tillit til kostnaðar við leigu á aflaheimildum. Félagið telur það lýsa uppgjöf höfunda frumvarpsins að hafa ekki tekist á við þann þátt. Af þeim sökum eru útreikningar fyrir ýsu og þorsk rangir og ekki í takti við kostnað við veiðarnar.

Má í þessu sambandi benda á að krókaafلامarksbátar hafa það sem af er fiskveiðiarinu leigt til sín 2.367 tonn af ýsu úr aflamarkskerfinu og greitt fyrir um 700 milljónir sem myndað hafa tekjur hjá öðrum af tegundinni án þess að lagt hafi verið í kostnað við veiðar. Dæmið sýnir glögg að verulega hallar þarna á einn útgerðarhóp þegar kemur til útreikninga á stuðli fyrir ýsu og þorsk.

- *Það er álit LS að vegna gríðarlegs kostnaðar við kvótaleigu eigi smábátar að vera undanþegnir sérstöku veiðigjaldi í ýsu og helmingssafsláttur verði veittur á sérstakt veiðigjald í þorski.*

IV. Engin lækkun veiðigjalda í þorski hjá minnstu útgerðunum

Veiðiheimildir smábáta eru að 82 hundraðshlutum samsettar í þorski, ýsu og steinbít. Meðfylgjandi línurit sýnir breytingu sem verður á veiðigjöldum í þessum tegundum. Eins og sjá má þá skilar lækkun veiðigjalda í þorski sér ekki til þeirra sem minnst hafa, þ.e. þeirra sem eru með veiðiheimildir innan við 30 tonn. Hjá þeim er með frumvarpinu settar meiri birðar þar sem þorskverð hefur lækkað en krónutala veiðigjalds er óbreytt.



- LS fer þess á leit að fastur afsláttur verði hækkaður þannig að boðuð lækkun gangi einnig til aðila sem minnstar hafa veiðiheimildir.


V. Samþjöppun og fækkun útgerða

Landssamband smábátæigenda bendir á að verði frumvarpið óbreytt að lögum er hætta á aukinni samþjöppun og fækkun smærri fyrirtækja. Má í því sambandi benda á að útgerðum krókaaflamarksbáta með hlutdeild í þorski hefur fækkað um 10% á sl. 4 árum og á sama tímabili hefur útgerðum með meira en 500 tonn í úthlutun fjölgað um helming.

Eins og sjá má á línuritinu verður hækking á veiðigjaldi hjá þeim aðilum sem hafa aflamark í ýsu og steinbít. Vakin er sérstök athygli á þessu þar sem smábátar veiða 30% af allri ýsu sem veidd er og helming alls steinbíts. Þá sýnir línuritið einnig að eftir því sem útgerðir hafa hærra aflamark í þessum tegundum þeim mun meiri verður lækkunin (þorskur) og minni hækking (ýsa, steinbítur). Verði frumvarpið að lögum mun það vinna gegn eftirfarandi ákvæði í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar:

„Öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum“.

Veiðigjöld - breyting sbr. frumvarp 23.04.2014



VI. Breytingar á afslætti vegna skulda

LS mótmælir ekki því sjónarmiði sem fram kemur í frumvarpinu að leita skuli jöfnuðar, þ.e. að sá afsláttur sem veittur hefur verið á sérstöku veiðigjaldi vegna skuldsetningar við kvótakaup verði endurskoðaður m.t.t. leiðréttinga sem gerðar hafa verið á lánum. Við þann þátt verður þó sérstaklega að huga að þeim skilmálum sem lánin færðust til, eignavirði og stórauðnum fjármagnskostnaði við breytingu úr erlendri mynt í krónur.

VI. Heildarendurskoðun forsenda breytinga
Tillaga LS um eitt veiðigjald til bráðabirgða

Landssamband smábátæigenda telur það afar slæmt að breytingar byggðar á vinnu við heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða skuli ekki haldast í hendur við breytingar á lögum um veiðigjöld. Ennfremur að svo virðist vera að öll áform um skattheimtu á sjávarútveginn hafi ekki enn komið fram. Af þessum sökum og fleirum sem talin verða upp síðar í umsögninni skorar landssambandið á atvinnuveganefnd að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í stað 1., 2. og 3. gr. komi tillaga um almennt veiðigjald.
2. 4. gr. verði óbreytt m.t.t. til þess sem kemur fram í nýrri 1. gr.

Ný 1. gr. verði aðlöguð að eftirfarandi:

1. Útgerðir báta sem fá lægri úthlutun en 150 þús. þorskíldi (150 tonn) greiði kr. 9,00 á hvert ígildi. (111 milljónir)*
2. Útgerðarfyrirtæki sem falla ekki undir 1. tl. þar sem úthlutað er minna en 250 þús. ígildi á hvert einstakt skip greiði kr. 12,50 á hvert ígildi. (89 milljónir)*
3. Fyrirtæki sem falla ekki undir 1. og 2. tl. þar sem úthlutað er minna en 500 þús. ígildi á hvert einstakt skip, greiði kr. 15,00 á hvert ígildi. (262 milljónir)*
4. Sjávarútvegsfyrirtæki sem ekki falla undir tl. 1, 2 og 3 þar sem úthlutað er minna en 750 þús. ígildi á hvert einstakt skip greiði kr. 17,00 á hvert ígildi. (283 milljónir)*
5. Útgerðarfélag sem falla ekki undir tl. 1, 2, 3 og 4 greiði kr. 19,00 á hvert ígildi fyrir hvert einstakt skip í þess eigu (6.227 milljónir)*

* byggt á úthlutuðu aflamarki í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs (381 m þ.ígildi).

Samkvæmt ofangreindum útreikningum sem byggðir eru á úthlutun á yfirstandandi fiskveiðiári verður heildarupphæð veiðigjalds 7 milljarðar verði þessi leið farin. Við þá tölu bætast m.a. gjöld v. kolmunna-, síldar-, loðnu- og makríls, auk þess sem tilheyrir úthlutun utan aflahlutdeildar.

Landssamband smábátæigenda telur að með þessari breytingu verði hægt að tryggja

áframhaldandi greiðslu veiðigjalds sem er í samræmi við það sem fram kemur í stefnuskrá stjórnvalda.

Ennfremur gefst tími til að vinna betur að heildarendurskoðun veiðigjalda sem aðlöguð verða að afkomu hvers útgerðarflokks m.t.t. kostnaðar við veiðar, verðmæta og síðast en ekki síst umhverfisskapandi þátta.

Nýtt frumvarp verði lagt fram samhliða heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða þar sem m.a. komi fram útfærsla á samningi þjóðarinnar við aflahlutdeildarhafa um nýtingu auðlindarinnar. Veiðigjaldið yrði þannig hugsað sem afnotagjald, þ.e. gjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar með öllum þeim skuldbindingum sem því fylgja.

LS telur þessa málsmeðferð verða til sáttá. Með henni haldast öll málefni sjávarútvegsins í hendur og greinin fær heildaryfirsýn yfir þær breytingar sem ætlað er að gera og verði þar með gert kleift að byggja sín framtíðarplön varðandi nýtingu auðlindarinnar á traustum grunni.

Eins og áður sagði er tenging hinnar nýju leiðar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Meðal þeirra þátta eru:

- Fiskveiðistjórnunarkerfið verður yfirfarið, meðal annars með tilliti til hagkvæmni, öryggis og kjara sjómanna og umhverfisverndar.
- Ríkisstjórnin vill efla sátt um framtíðarskipulag greinarinnar.
- Áfram verður unnið með tillögu sáttanefndar sem starfaði á liðnu kjörtímabili um að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun. Samningarnir feli í sér rétt til endurnýjunar að uppfylltum skilyrðum sem samningarnir kveði á um.
- Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- Lög um veiðigjald verða endurskoðuð. Almenn gjald skal endurspegla afkomu útgerðarinnar í heild en sérstakt gjald taka sem mest mið af afkomu einstakra fyrirtækja.

Úr athugasemdakafla 2 „Tilfni og nauðsyn lagasetningar“ í frumvarpinu er eftirfarandi texta að finna sem er í góðu jafnvægi við tillögu LS:

- „Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru mörg hundruð talsins, stór og smá og mjög fjölbreytt. Oft ber mest á stærstu og öflugustu fyrirtækjunum sem reka í einni heild veiðar á mörgum skipum, fiskvinnslu í landi og söludeildir og nýta sér þannig kosti samþættingar á veiðum og vinnslu og jafnvel öðrum þáttum



virðiskeðjunnar. Þjóðhagslega er hins vegar mikilvægt að tryggja fjölbreytilegan rekstur í sjávarútvegi þar sem sveiflur eru miklar og tíðar og við slíkar aðstæður er mikill sveigjanleiki og breidd í rekstrarfyrirkomulagi kostur. Þannig er til þess að líta að einstaklingar og smáfyrirtæki eru oft mjög líkleg til að þróa atvinnu- og tekjuskapandi starfsemi fái þau svigrúm og aðstæður til þess. Því er mikilvægt að gjaldheimta í sjávarútvegi taki ekki eingöngu mið af afkomu þeirra fyrirtækja sem best gengur í rekstri því að það getur vegið að þeim fjölbreytileika sem er svo mikilvægur, en ljóst er að há veiðigjöld setja aukinn þrýsting á smærri aðila sem standa að ýmsu leyti veikar en þeir sem stærri eru. Þá er einnig mikilvægt að gjaldheimtan sé eins nákvæm og rétt stillt af milli ólíkra rekstrareininga og unnt er, til að tryggja áframhaldandi fjölbreytileika og hagkvæmni greinarinnar.

- Með frumvarpinu er leitast við að taka tillit til ólíkra sjónarmiða. Annars vegar er til þess að líta að eigandi auðlindarinnar, íslenska þjóðin, á rétt á sanngjörnu endurgjaldi fyrir heimildir til aðgangs að sjávarauðlindinni. Hins vegar er mikilvægt að ekki verði grafið undan möguleikum til hagkvæms rekstrar sjávarútvegsfyrirtækja sem m.a. getur ýtt undir hraða samþjöppun á aflaheimildum. Frumvarpið gildir einungis um álagningu veiðigjalda á komandi fiskveiðiári, en stefnt er að því að tillögur um framtíðarskipulag gjaldtöku í sjávarútvegi verði lagðar fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi.“

Að lokum er rétt að ítreka að samkvæmt orðum sjávarútvegsráðherra, í þættinum „Á Sprengisandi“ 2. mars sl., má ætla að enn sé ókomið frumvarp sem ætlað er að skattleggja sjávarútveginn í heild sinni.

Virðingarfyllt

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2014
R2014050001

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1755
komudagur 5.5.2014

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld -
568. mál**

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. maí 2014 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að niðurfelldar skuldir á tilteknu tímabili leiði til endurreiknings á afslætti sem gefinn hefur verið af veiðigjaldi. Ríkisskattstjóri bendir á að e.t.v. þurfi að skýra betur hvað felist í orðalaginu *niðurfelldar skuldir* en auk lækkunar skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika eiga lækkanir vegna endurreiknings og skilmálabreytinga væntanlega að falla hér undir. Orðalagið mætti skýra með því að skjóta inn orðunum *þ.m.t. vegna skilmálabreytinga* á eftir orðunum *fær eða hefur fengið skuldir felldar niður*. Þannig yrði tekinn af allur vafi um að lækkanir á skuldum vegna skilmálabreytinga og / eða endurreiknings í kjölfar dómsmála eigi að falla þarna undir.

Vegna ummæla í athugasemdum um að í framtíðinni verði upplýsingar um breytilegan úthaldskostnað sóttar með skattframtölum bendir ríkisskattstjóri á að tilgreind sundurliðun kostnaðar er önnur en sú sundurliðun sem gerð er í dag í skattframtali rekstraraðila. Upplýsingar þessar myndu því krefjast aukinnar gagnaöflunar af hálfu ríkisskattstjóra og aukinnar sundurliðunar á kostnaði af hálfu þessara rekstraraðila með tilheyrandi kostnaði.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Guðrún J. Jónsdóttir

Guðrún J. Jónsdóttir

Jón Á. Tryggvason

Jón Á. Tryggvason

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 með síðari breytingum, 568. mál

Almennt

Vísað er til frumvarps til breytinga á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012, 568. mál., sem lagt var fyrir á Alþingi á 143. löggjafarþingi. Félagsmenn Félags atvinnurekenda (FA) og Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) hafa mikla hagsmuni af því að vandað sé vel til verka þegar settar eru reglur um töku veiðigjalda og að sjónarmið um bætt og betra samkeppnis- og viðskiptaumhverfi í fiskveiðikerfinu sé haft til hliðsjónar við slíka vinnu. Undirritaðir átelja þó vinnubrögð þingsins að veita svo stuttan umsagnarfrétt og gert var í þessu tilviki. Verður því ekki viðkomið vegna tímaskorts að gera ítarlega grein fyrir athugasemdum félaganna en verður þó reynt að gera að nokkru grein fyrir þeim hér að neðan.

I. Leigutakar á afla – ekki gjaldskyldir aðilar

SFÚ og FA (hér eftir „undirritaðir“) hafa löngum barist fyrir bættu samkeppnisumhverfi innan sjávarútvegsins og hefur þar mest verið til skoðunar lóðrétt samþætting sjávarútvegsfyrirtækja, þar sem öll virðisbætur er á einni hendi. Slíkt leiðir til þess að nýliðun er mjög erfið í greininni enda aðgangshindranir, m.a. í formi samþjöppunar á markaði, miklar. Nýliðar þurfa enn fremur, oft á tíðum, að leigja sér kvóta dýrum dómi, sem hefur áhrif á verðlagningu fisksins sem og mögulega afkomu þeirra úr greininni. Hagnaðurinn liggur í slíkum tilvikum hjá kvótaeigendum en ekki leigutökum.

Í lögum um veiðigjald er gert ráð fyrir því, auk þess að greiða til handhafa aflaheimildanna leiguverð fyrir afnot af kvótanum, þá ber viðkomandi leigutökum að greiða veiðigjald fyrir þann afla sem landaður er, sbr. 6. gr. laga um veiðigjöld nr. 74/2012. Undirritaðir telja að taka þurfi sérstakt tillit til þessa gjaldahóps við innheimtu á veiðigjaldinu, sem leggst á aðila óháð fjárhagsstöðu þeirra eða stöðu að öðru leyti. Er mikilvægt að koma til móts við leigutaka, sem oft á tíðum eru sinna strandveiðum að sumri til en þurfa að leigja sér kvóta utan strandveiðitímabilsins. Þessir aðilar þurfa að bera hlutfallslega mikinn rekstrarkostnað og hafa lítið svigrúm til að fleyta þeim kostnaði út í verðið enda stunda þeir almennt viðskipti á fiskmörkuðum þar sem mikil samkeppni ríkir og fiskverðið stýrist að mestu leyti af markaðsaðstæðum, ólíkt því sem gerist þegar útgerðir selja fisk til eigin fiskvinnslna.

Undirritaðir leggja til að leigutakar á afla verði ekki skilgreindir sem gjaldskyldir aðilar í lögum um veiðigjöld eða hið minnsta sé gert sérstaklega ráð fyrir lækkun þeim til handa á bæði almennu og sérstöku veiðigjaldi.

II. Samræmi í orðavali

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins þá stendur til að breyta orðalagi í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 74/2012 um veiðigjöld. Til stendur að taka út orðalagið „afla hvers gjaldskylds aðila í þorskígildum“ og setja í staðinn „aflamagn hvers gjaldskylds aðila.“ Í athugasemdum 1. gr. frumvarpsins kemur fram eftirfarandi: „Með greininni er lögð til minni háttar breytinga 7. gr. laganna sem speglar þá tillögu frumvarpsins að veiðigjöld verði lögð á úthlutun aflaheimilda í hverri tegund fyrir sig eða eftir atvikum landaðan afla, í stað þess að leggjast á samkvæmt úthlutunum þorskígildum í einstökum nytjastofnum.“

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við umrædda breytingu en telja undirritaðir þó að gæta verði samræmis í lögnum í heild. Sé ætlunin að hætta að miða við „þorskígildi“ þá ber að notast við sömu mælieiningu í lögnum í heild og telja undirritaðir að gera verði breytingar á frumvarpinu með það í huga.

III. Stilla gjaldi í hóf

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að lagt sé til að „veidigjöld verði ákveðin föst krónutala á afla úr sjó á fiskveiðiarinu 2014/2015.“ Undirritaðir fanga því að veidigjald miðist við fasta krónutölu en telja þó að gjaldið megi ekki vera svo hátt að það skaði greinina í heild. Má til að mynda benda á að gjald á þær tegundir sem áður voru ekki takmörkunum háðar, t.d. blálöngu, löngu og keilu, og eru nú á hendi fárra aðila, sem leigja kvótann út. Í samræmi við það sem sagt var hér að ofan í kafla I má veidigjaldið ekki vera svo hátt gjald að fyrirtæki sjái sér ekki hag í því að veiða þessar tegundir enda bætist það gjald ofan á annan rekstrarkostnað fyrirtækjanna.

IV. Hefur áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja

Allt í kringum okkur eru sterkar sjávarútvegsþjóðir sem við erum í stöðugri samkeppni við. Hækkun á verðlagi fisks hérlendis hefur áhrif á hráefniskaup íslenskra fiskvinnslu og útsöluverð íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á erlenda markaði. Hefur þar veidigjaldið að sjálfsögðu áhrif. Áhrifin af ívilnandi aðgerðum norskra yfirvalda í tengslum við veiðar á 11 metra bátum hafði til að mynda bein áhrif á íslenskan markað enda eru íslensk fyrirtæki að selja fisk á sömu markaði og þau norsku. Litu enn fremur íslensk fiskvinnslufyrirtæki til Noregs í von um að kaupa hráefni, í stað þess að kaupa fisk af íslenskum bátum.


Skattlagning sú, sem nú er til skoðunar, hefur áhrif á vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja. Hún kemur helst niður á litlum fyrirtækjum en jafnframt þeim stærri. Fyrirtæki sem eru með alla virðisbætur á sinni hendi, og geta dreift hagnáðinum að eigin vild og jafnvel tekið út hagnað sinn erlendis, eru að sjálfsögðu í betri stöðu en innlend fyrirtæki sem stunda aðeins veiðar, eða aðeins vinnslu.

Undirritaðir telja mikilvægt að höfð sé hliðsjón af þessum atriðum þegar skoðaðar eru mögulegar breytingar á lögum um veidigjöld og því hvernig gjaldið er lagt á, bæði hvað varðar samkeppnisstöðu Íslendinga á alþjóðlegum markaði sem og samkeppnisstöðu fyrirtækja innanlands.

I. Annað

Að lokum áskilja undirritaðir sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Undirritaðir lýsa sig jafnframt reiðubúna til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


f.h. stjórn SFU


f.Þ. Félag atvinnurekenda

5. maí 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Vísað er til erindis frá nefndinni þar sem óskað er umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um frumvarp um breytingu á lögum veiðgjöld, mál nr. 586.

Stuttur tími var gefinn til umsagnar og markast þessi umsögn af því. Samtök fjármálafyrirtækja gáfu ítarlega umsögn um frumvarp um veiðigjöld á árinu 2012 og aftur á árinu 2013. Ýmis af þeim áhyggjuefnum sem rakin voru þar eru enn til staðar og fylgja því fyrri umsagnir hér með nefndinni til upplýsingar.

Samtök fjármálafyrirtækja eru fylgjandi hóflegum veiðigjöldum sem væru eðlilegt afgjald til fyrir notkun á fiskistofnum. Samtökin telja að greinargerð frumvarpsins varpi ekki ljósi með óyggjandi hætti hvort að það veiðigjald sem lagt er nú til sé ákvarðað með sanngjörnum hætti og ógni ekki afkomu sjávarútvegs til lengri tíma. Þá telja samtökin fyrirkomulag veiðigjaldsins vera flókið og ástæða til þess að athuga hvort ekki megi með einfaldari gjaldstofni ná sama markmiði, t.d. með því að styðjast við framlegð samkvæmt reikningum fyrirtækjanna eða tekjuskattsstofn, hugsanlega með einföldum leiðréttingum.

Helstu athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja eru eftirfarandi:

1. *Sjálfbærni*

Eitt meginaáhyggjuefni Samtaka fjármálafyrirtækja er að það kerfi sem hér er lagt til leiði, ásamt öðrum þeim gjöldum sem lögð eru á sjávarútveg, til þess að gengið verði á eigið fé sjávarútvegs þegar til lengri tíma er litið. Það er að gjaldtöku og skattlagningarkerfið sé ekki sjálfbært. Ekki þarf að ræða þá skaðsemi sem af slíku myndi hljóta fyrir svo mikilvæga atvinnugrein. SFF lýstu einnig yfir þessum áhyggjum í athugasemdum við fyrri frumvörp um veiðigjald. Með frumvarpinu fylgja hvorki útreikningar á því hvernig eigið fé greinarinnar hefði þróast ef það fyrirkomulag sem hér er lagt til við ákvörðun veiðigjalda hefði verið við lýði né áætlanir fram í tímann að gefnum forsendum um þróun afurðaverða, raungengis og annarra ráðandi þátta um afkomu greinarinnar. Varhugavert er að skoða veiðigjaldið í ljósi afkomu greinarinnar um þessar mundir þar sem hún hefur verið góð meðal annars vegna lágs raungengis íslensku krónunnar. Raungengi krónunnar hefur frá efnahagshruninu verið langt undir sögulegu meðaltali undanfarinna áratuga og ólíklegt miðað við fyrri reynslu að ganga útfrá því að það haldist jafnlágt til langframa. Mikilvægt er að tillögum um álagningu veiðigjalds fylgi langtímaútreikningar sem leiði í ljós áhrif gjaldtökunnar og samspil hennar við önnur opinber gjöld til lengri tíma. Þá fylgja ekki frumvarpinu könnunarreikningar á því

hvaða áhrif gjaldið kann að hafa á einstakar tegundir útgerða eða vinnslufyrirtækja eða einstök landsvæði eða byggðarlög. Samtök fjármálafyrirtækja hafa í fyrri umsögnun sínum bent á mikilvægi þess að slíkir útreikningar séu gerðir og fylgi með tillögum um veiðigjöld. Slíkir útreikningar geta leitt í ljós að veiðigjöldin sem lögð eru til standist ekki þann félagslega eða stjórnmálalega veruleika sem er til staðar.

2. Gömul gögn - tímatafir

Ákvörðun reiknaðrar framlegðar fyrir einstakar fiskitegundir byggir á gögnum sem verða orðin eins til tveggja ára gömul við ákvörðun gjaldsins. Undir lok fiskveiðiársins verða þessi gögn enn eldri eða allt að þriggja ára gömul. Reynt er að mæta þessum vanköntum með uppreikningi kostnaðarliða með tilliti til verðlagsþróunar. Þrátt fyrir slíkan uppreikning er ljóst að svo gömul gögn geta valdið því að veiðigjaldið víkur frá því sem að er stefnt, það er að fanga tiltekinn hluta reiknaðrar framlegðar veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Þessi tímatöf gagnanna kann einnig að leiða til þess sveiflur í greininni eru magnaðar. Veiðigjöld kunna að haldast há þrátt fyrir samdrátt í afla eða lækkun útflutningsverða og með sama hætti geta veiðigjöld verið lág í uppsveiflu í greininni vegna lakrar afkomu á árum á undan. Engir útreikningar fylgja með frumvarpinu þar sem þessir þættir eru skoðaðir.

3. Skortur á gögnun takmarkar gildi framlegðarstuðla


Meginbreytingin sem felst í frumvarpinu er að framlegð einstakra fisktegunda er nú áætluð sérstaklega á grundvelli gagna um tekjur og kostnað einstakra skipaflokka af veiðum af hverri tegund fyrir sig í stað þess að reikna framlegð útfrá þorskígildum allra tegunda. Með þessu er verið að reyna að auka nákvæmni við ákvörðun veiðigjaldsins á einstakar fisktegundir. Notuð eru gögn um landaðan afla eftir tegundum og skipaflokkum og upplýsingar um kostnað eftir skipaflokkum. Þar sem skipting kostnaðar hvers skips eða skipaflokks við veiðar hvernar tegundar liggur ekki fyrir er gengið útfrá því að kostnaður skiptist í sama hlutfalli og skipting aflaverðmætis. Hér um að ræða veigamikla forsendu og álitamál er, að henni gefinni, hvort það markmið næst að áætla með nokkurri nákvæmni framlegð einstakra tegunda. Engin athugun er í greinargerð með frumvarpinu hvaða stærðargráðu skekkja sem leiðir af þessar forsendu hefur. Mikilvægt er að slíkt sé gert. Hugsanlegt er að þessi forsenda geri það að verkum að tiltölulega lítil nákvæmni sé í raun við ákvörðun afkomustuðla einstakra tegunda.

4. Einfaldari álagning?

Samandregið er það fyrirkomulag sem lagt er til með frumvarpinu þannig að veiðigjaldið samsvarar ákveðnum hluta af áætlaðri framlegð veiða (eftir tegundum) og vinnslu. Þessi hlutföll eru mismunandi og er það út af fyrir sig umhugsunarefni. Ef gjaldsstofninn (framlegðin) er rétt reiknaður felur mismunandi hlutfall í sér að löggjafinn er að stýra atvinnustarfsemi í ákveðinn farveg. Frá veiðigjaldinu er fyrirtækjum heimilt að draga frá ákveðið frítekjumark og tiltekinn hluta vaxtakostnaðar ef skuldsetning er umfram reiknað stofnvirði fastafjármuna leiðrétt fyrir bókfærðri tekjuskattsskuld og peningalegum eignum. Álagt veiðigjald er frádrættarþætt frá tekjum við álagningu tekjuskatts. Sú spurning vaknar að hvaða marki framlegð veiða áætluð samkvæmt frumvarpi víkur frá þeirri framlegð sem

birtist í reikningum fyrirtækjanna. Hér er það í raun hlutfallsleg skipting framlegðarinnar milli fyrirtækja sem skiptir máli. Ekki er gerður samanburður á því í greinargerð frumvarpsins. Þá er einnig álitamál í ljósi þess að veiðigjaldið er frádráttarbært frá tekjum og tekið er tillit til vaxtagjalda að hluta að hvað miklu leyti gjaldstofn veiðigjalds viku frá hlutfallslegri skiptingu frá tekjuskattsstofnsins. Það er heldur ekki kannað í greinargerð með frumvarpinu. Ef þessi frávík eru lítil, kann að vera hægt að sama árangri megi ná með því að leggja veiðigjaldið á framlegð samkvæmt reikningum eða tekjuskattsstofn með mun einfaldari hætti. Hugsanlega mætti með tiltölulega einföldum leiðréttingum leiðréttu þessa gjaldstofna til að skila sanngjarnri niðurstöðu. Minna má á að almenna reglan í skattlagningu eða álagningu gjalda er að gjaldstofnar sé skýrir og auðreiknanlegir.

Virðingarfyllt,



Yngvi Örn Kristinsson SFF

Reykjavík, 20. apríl 2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðileyfagjöld, (mál 657 og 658)

Meðfylgjandi er umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðileyfagjald. Í stuttu máli sagt þá er afstaða SFF til frumvarpa neikvæð og leggjast samtökin gegn því að þau nái fram að ganga. Fyrir því eru þrjár meginástæður:

1. Núverandi staða efnahagsmála hér á landi mælir ekki með því að að gerðar séu grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar. Þjóðin glímir enn við afleiðingar efnahagshrunsins og glæfralegt að skapa óvissu um stöðu sjávarútvegs meðan svo stendur á.
2. Breytingarnar munu veikja stöðu sjávarútvegs með verulega aukinni skattheimtu, skapa óvissu um aðgang að auðlindinni, letja fjárfestingar og draga úr hagkvæmni greinarinnar. Engin greining á áhrifum frumvarpsins á þessa þætti fylgir með frumvarpinu né heldur greining á áhrifum á þau fyrirtæki sem nú eru starfandi eða þau byggðarlög sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni. Látið er skeika sköpum um þessi mikilvægu atriði.
3. Tillögur frumvarpsins munu jafnframt veikja efnahag fjármálafyrirtækja sem kröfur eiga á sjávarútvegsfyrirtæki þar sem tryggingar fyrir eldri lánnum munu rýrna. Endurreisn fjármálafyrirtækjanna er enn á viðkvæmu stigi og íslenska ríkið á þar mikilla hagsmuna að gæta, beint og óbeint. Þá mun aðstaða sjávarútvegsfyrirtækja til töku nýrra lána til fjárfestinga veikjast.

Aukin gjaldtaka vegna nýtingar fiskveiðiheimilda kann að eiga rétt á sér. En með frumvarpinu er gengið of langt til þess að raska núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Kerfi sem í meginatriðum hefur gengið vel og leitt til skynsamlegrar nýtingar auðlindarinnar og hagkvæmi í veiðum og vinnslu svo aðdáun vekur hjá erlendum sérfræðistofnunum. Þá er fyrirkomulag gjaldtökunnar samkvæmt frumvarpi um veiðileyfagjald óhóflegt og ósveigjanlegt og hugsanlegt að sjálfur gjaldstofninn eins og hann er skilgreindur í frumvarpinu sé of stór og leiði til þess að gengið verði kerfisbundið á eigið fé greinarinnar. Langt er frá því að sú tölulega greining sem fylgir frumvarpinu um veiðileyfagjald sé boðleg sem undirstaða til þess að taka jafn afdrifaríka ákvörðun eins og fellst í frumvarpinu.

Meginatriði frumvarpanna

1. Nýtingaréttur aflaheimilda verður tímabundinn, vissa um nýtingarétt verður lengst 15 ár.
2. Framsal milli ótengdra aðila verður skattlagt, 3% af aflaheimild rennur til ríkissjóðs til úthlutunar á vegum stjórnvalda.
3. 40% af aukningu aflaheimilda umfram tiltekin mörk mun renna í til ríkissjóðs til úthlutunar á vegum stjórnvalda.
4. Nýr auðlindaskattur verður lagður á veiðar og vinnslu sem til frambúðar nemur 70% af skattstofni sem er skilgreindur sem sölutekjur – rekstrarkostnaður (án afskrifta) – áætlaður vaxtakostnaður fastra rekstrarfjármuna. Í veiðum er vaxtakostnaður fastra rekstrarfjármuna áætlaður um 8% af föstum rekstrarfjármunum en 10% í vinnslu. Þessi skattur kemur til viðbótar föstu gjaldi á hvert kg aflaheimilda sem er 8 kr. samkvæmt frumvarpinu. Gefinn er 2 ára aðlögunartími í frumvarpinu, þannig að skatturinn er 60% á fyrsta ári, 65% á öðru ári en hækkar í 70% á því þriðja. Þá eru ákvæði sem ívilna minni fyrirtækjum. Fyrirtæki með aflaheimildir undir 70 tn greiða 35% gjald og fyrirtæki með aflaheimildir undir 30 tn greiða ekki auðlindaskatt.

Ákvæði sem takmarka nýtingarétt, framsal og rétt til aukninga aflaheimilda

Undanfarna áratugi hafa heimildir til nýtingar á aflaheimildum almennt verið ótímabundnar og framsal þeirra frjálst og án sérstakrar skattlagningar. Þá hafa handahafar aflaheimilda almennt gengið útfrá því að aukning aflaheimildar myndi falla þeim í skaut. Á þessu tímabili hafa aflaheimildir bæði verið minnkaðar og auknar og þær breytingar komið fram í aflaheimildum þeirra sem aflamark hafa haft.

Þetta fyrirkomulag hefur mótað verðlagningu á aflaheimildum í viðskiptum milli aðila í veiðum sjávarfangs en á undanförmum árum og áratugum hafa viðskipti með aflaheimildir verið veruleg og verð á aflaheimildum verið jákvætt og farið hækkandi í kjölfar batnandi afkomu greinarinnar í kjölfar hagræðingar sem að stórum hluta hefur leitt af kvótakerfinu.

Mjög stór hluti núverandi aflamarks hefur flust frá aðilum sem upprunalega fengu aflaheimildir á grundvelli veiðireynslu án þess að þurfa að greiða fyrir þær með kaupum af öðrum aðilum á grundvelli þeirra verða sem mótað hafa í viðskiptum með aflaheimildir. Þau verð sem myndast hafa í þeim viðskiptum hafa jafnframt orðið grundvöllur að virði trygginga sem sett hafa verið fyrir lánnum bæði til kaupa á aflaheimildum og fyrirtækjum í sjávarútvegi auk þess sem virði aflaheimilda hefur óbeint verið sett til tryggingar vegna rekstrarlána og fjárfestingarlána til útgerðafyrirtækja þegar skip með aflaheimildum eru sett til tryggingar lánnum.

Öll þessi nýju lagaákvæði munu verða til þess að lækka virði aflaheimilda. Það mun hafa neikvæð áhrif á efnahagsreikninga sjávarútvegsfyrirtækja og skuldunauta þeirra þar sem virði trygginga sem settar hafa verið fyrir lánnum mun minnka.

Lauslegt mat á nýjum takmörkunum á nýtingarrétti

- a) **Stytting nýtingartíma í 15 ár** er hliðstæð því að tekjustreymi sem áður var ótímabundið verði stytt í 15 ár. Breyting á núvirði tekjustraumsins ræðst einungis af þeirri ávöxtunarkröfu sem gerð er til tekjustraumsins. Eftirfarandi tafla gefur mynd af þessu samspili:

Núvirði 1 kr. tekjustraums miðað við mismunandi ávöxtunarkröfu

	3,5%	4,0%	4,5%	5,0%	6,0%	7,0%	8,0%	9,0%	10,0%
Ótímab. tekjustraumur	28,6	25,0	22,2	20,0	16,7	14,3	12,5	11,1	10,0
15 ára tekjustraumur	11,5	11,1	10,7	10,4	9,7	9,1	8,6	8,1	7,6
Hlutfallslegur munur	40%	44%	48%	52%	58%	64%	68%	73%	76%
Lækkun virðis	60%	56%	52%	48%	42%	36%	32%	27%	24%

Lækkun virðis aflaheimilda gæti því verið á bilinu 24% til 60% eftir því hvaða ávöxtunarkrafa á bilinu 3,5% til 10% væri gerði til teknanna. **Sé til dæmis miðað við 8% sem er sú ávöxtun sem frumvarpið telur eðlilegt að gera til fastra rekstrarfjármuna sem bundnir eru í útgerð væri lækkunin 32%.**

- b) **Skattur við framsal heimilda, 3%.** Áhrif þessarar gjalddöku eru einföld. Virði aflaheimilda við sölu þeirra lækka um 3%.
- c) **Tilfærsla aukningar aflaheimilda til ríkissjóðs (40% umfram föst mörk).** Erfiðara er að meta áhrif þessarar breytingar á virði aflaheimilda, þar sem áhrifin eru háð því hvort og hvenær aukning aflaheimilda færi eða fer umfram þau mörk sem tilgreind eru í frumvarpinu, hversu miklar aflaheimildir gætu verið til langframa og hvenær aukning aflaheimilda hefði getað átt á sér stað. Þá skipta einnig máli hvaða væntingar aðilar að viðskiptum með aflaheimildir á undanförunum árum hafa gert til þessara atriða þegar viðskipti hafa átt sér stað með aflaheimildir því þannig hefur verið þeirra meðal annars ákvarðast auk upplýsingar um um afkomu veiða á hverjum tíma og í hverju tilviki. Augljóst er þó í hvaða átt þessi þessi áhrif eru. Þau er alfarið til lækkunar á virði trygginga.

Til að átta sig hugsanlegri stærðargráðu þessara áhrifa eru tekin tvö dæmi. Annars vegar dæmi þar sem aflaheimildir aukast á á næstu 5 árum í jöfnum skrefum um 50% og hins vegar dæmi þar aflaheimildir aukast á 10 árum um 100%. Í báðum dæmum er miðað við að fyrsta 15% aukning aflaheimilda renni óskert til fyrirtækja í greininni en öll aukning umfram 15% skiptist milli fyrirtækja í greininni og ríkissjóðs í hlutföllunum 60%/40%. Til samanburðar er miðað við í báðum tilvikum að öll aukningin hefði runnið til fyrirtækja í greininni. Núvirði er metið með 8% ávöxtunarkröfu eins og frumvarpið gerir til fastra rekstrarfjármuna.

Núvirði lækkunar tekna vegna skerðingar

50% aukning á 5 árum	7,7%
100% aukning á 10 árum	12,6%

Samtals gæti því lækkun á virði aflaheimildar vegna ákvæða fiskiveiðistjórnarfrumvarpsins numið á bilinu 43% – 48% miðað við þá ávöxtunarkröfu sem gert er ráð fyrir að fastir rekstrarfjármunir njóti samkvæmt frumvarpinu ef allir þessir þrír þættir eru lagðir saman.

Áhrif lækkunar virðis aflaheimilda og trygginga

Ekki þarf að efast um að breytingar á virði trygginga sem líklegt er að leiði af frumvarpinu munu hafa stórfelld áhrif á stöðu og rekstur fyrirtækja í greininni. Jafnframt mun staða lánardrottna versna til muna, þar á meðal banka, sparisjóða og tryggingarféлага.

Áhrifin á fyrirtækin verða fyrst og fremst vegna þess að aðgangur þeirra að lánsfé mun takmarkast verulega þar sem tryggingar fyrir nýjum lánunum munu minnka til muna. Í mörgum tilvikum munu engar tryggingar vera fyrir

hendi, þ.e. tryggingar fullnýttar eða tryggingaþekja fyrir núverandi lánnum vera ónóg. Þetta mun torvelda aðgang að fjármagni til rekstrar og fjárfestingar og leiða til þess að lánadrottinnar munu þrýsta á um niðurgreiðslu skulda.

Staða lánardrottinna mun versna þar sem tryggingarþekja vegna útistandandi lána mun rýrna verulega. Sérstaklega á það við um lán til veiða en þegar um er að ræða fyrirtæki sem eru bæði í veiðum og vinnslu, eins og algengt er mun rýrnum trygginga í raun hafa áhrif á báða starfsþættina.

Endanleg áhrif af lækkun virðis trygginga ræðst af tveimur þáttum. Annars vegar af líkum þess að skuldarar komist í þrot og hins vegar af því tjóni sem verða kann þegar þrot á sér stað.

Fyrri þátturinn veltur að stórum hluta af afkomu greinarinnar. Verði hún almennt jákvæð eru góðar líkur á að fyrirtækin geti og vilji greiða skuldir sínar. Verði hún neikvæð eru líkur til að greiðsluvilji og greiðslugeta verði ekki til staðar. Um þennan þátt verður fjallað í síðari hluta þessarar umsagnar.

Seinni þátturinn veltur í raun á virði trygginga samborið við skuldir eða kröfur. Nýjustu tölur um efnahag sjávarútvegs frá Hagstofu Íslands eru frá árinu 2008. Í árslok 2008 var eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja neikvætt um 62 ma.kr. og eiginfjárlutfall neikvætt um 13%. Í lok ársins voru skuldir um um 558 ma.kr., þar af voru langtímaskuldir um 438 ma.kr. Stærsti eignarliður greinarinnar var á þessum tímabili varanlegir rekstrarfjármunir sem metnir voru á rúma 100 ma.kr. Staða sjávarútvegs var óvenjuslæm á þessum tímabili þar sem fall gengis krónunnar í kjölfar efnahagshrunsins var að fullu komið fram í skuldum greinarinnar en jákvæð áhrif á rekstur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Í árslok 2007 var eiginfjárstaða greinarinnar jákvæð um 106 ma.kr., eiginfjárlutfall jákvætt um 24% og heildarskuldir um 330 ma.kr., þar af langtímaskuldir um 250 ma.kr. Færa má rök fyrir að staðan í lok 2007 sýni í raun of góða mynd af stöðu greinarinnar vegna þess hve gengi krónunnar var sterkt á þeim tímabili, þ.e. skuldir séu vanmetnar miðað við „eðlilegt gengi“ á íslensku krónunni, en árinu 2007 var gríðarlegur halli á viðskiptum við útlönd.

Í m.kr.

Efnahagur veiða og vinnsla sjávarafurða		
	2007	2008
1. Veltufjármunir	77.897	92.350
1.1 Sjóður og bankainnistæður	26.586	26.533
1.2 Viðskiptakröfur og víxlar	23.874	32.122
1.3 Birgðir	16.362	26.335
1.4 Aðrir veltufjármunir	11.075	7.360
2. Fastafjármunir	359.636	403.802
2.1 Áhættufjárm. og langtímakröfur	100.285	122.451
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir	92.212	100.290
2.3 Aðrar eignir	167.139	181.061
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé	437.533	496.151
4. Skuldir	330.818	558.486
4.1 Skammtímaskuldir	80.757	120.886
4.2 Langtímaskuldir	250.061	437.600
5. Eigið fé	106.715	-62.335
5.1 Hlutfé	20.699	20.005
5.2 Annað eigið fé	86.017	-82.339
6. Veltufjárlutfall	1	0,8
7. Eiginfjárlutfall, %	24,4	-12,6
Heimild: Hagstofa Íslands		

Ekki liggja fyrir opinberlega upplýsingar um meðaltal tryggingarþekju lána til sjávarútvegsfyrirtækja, þ.e. hlutfall útistandandi lána og virði trygginga. Reikna má með að þetta hlutfall sé mjög hátt þar sem langstærsti hluti skulda greinarinnar er gengisbundinn og hækkaði verulega við fall krónunnar 2008. Neikvætt eiginfjárlutfall greinarinnar bendir til þess sama. Í flestum atvinnugreinum fór þetta hlutfall yfir 100% í kjölfar hrunsins. Lækkun virðis trygginga fyrir lánnum, sem er bein afleiðing af ákvæðum frumvarpsins, mun því auka tapslíkur lána komi til greiðsluþrots fyrirtækja. Stærðargráðu þessa er erfitt að meta með neinni nákvæmni. Fyrir liggur skv. upplýsingum fra Deloitte endurskoðunarstofunni, að bókfærðar aflaheimildir í reikningum fyrirtækja

eru um 180 ma.kr. um þessar mundir. Heildarvirði aflaheimilda miðað við verð á aflaheimildum um síðustu áramót var 350 – 500 ma.kr. Augljóst er að 43% - 48% lækkun á þessum fjárhæðum eru umtalsverðar fjárhæðir.

Virðisrýrnun á lánum til sjávarútvegs – virðislækkun fjármálafyrirtækja

Vanskilahlutföll á lánum fjármálafyrirtækja til fyrirtækja er enn mjög há eða 25% í lok september 2011 skv. nýjustu skýrslu Seðlabanka um fjármálastöðugleika sem kom út í desember síðastliðnum. Lán í vanskilum þurfa fjármálafyrirtæki að endurmeta í ljósi tapslíkna og því líklegt að þegar við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, þurfi að færa niður útlán til sjávarútvegsfyrirtækja í reikningum bankanna.

Lánasafn sjávarútvegs dreifist að langstærstum hluta á bankana þrjá, þó Landsbankinn sé með stærstan hlut, eða ríflega helming allra lána sjávarútvegsfyrirtækja. Niðuræsla þessara lána mun hafa bein áhrif á virði eignarhlutar ríkissjóðs í Landsbankanum (ríflega 80%) og annarra banka og sparisjóða sem ríkið á hlut í.

Nýtt veiðileyfagjald

Nýja veiðileyfagjaldið eða auðlindaskatturinn mun hafa verulega áhrif á sjóðstreymi, afkomu og eiginfjármyndun sjávarútvegs. Þá mun gjaldið hafa áhrif á fjárfestingar í greininni. Við umfjöllun hér er byggt á þeim gögnum sem fram komu með frumvarpinu aðallega í greinargerð með því og upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Langt er frá að þau gögn og útreikningar sem fylgja frumvarpinu varpi nægjanlega skýru ljósi á áhrif veiðileyfagjaldsins á afkomu og stöðu greinarinnar. Gildir það bæði í heild, og um afkomu einstakra fyrirtækja. Staða fyrirtækjanna er afar misjöfn og nauðsynlegt að fari fram greining á afleiðingum frumvarpsins með tilliti til stöðu einstakra fyrirtækja til þátta svo sem skuldastöðu og framlegðar svo dæmi sé tekið. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem stærðardreifing fyrirtækja er ójöfn. Þá kann staða fyrirtækja eftir byggðarlögum að vera mismunandi og hugsanlegt að fyrirtækjum sem eru mikilvæg fyrir viðkvæm byggðarlög sé stefnt í vöðva með veiðileyfagjaldinu.

Áhrif veiðileyfagjalds á framlegð

Meðfylgjandi tafla sýnir áhrif veiðileyfagjaldsins á framlegð sjávarútvegsfyrirtækja fyrir tímabilið 2001 til 2010. Að meðaltali lækkar framlegð um 6,2%, fer úr 17,3% í 11,1%. Eftir þá lækkun er framlegðin lítillega hærrí en hún var að meðaltali á áratugnum 1980 – 1990, þegar hún var 7%, en lægri en hún hefur verið síðan. Frumvarpið mun því að þessu leyti endurskapa skilyrði greinarinnar eins og þau voru fyrir upptöku núverandi fiskveiðastjórnkerfis. Það tímabil einkenndist af viðvarandi rekstrarerfiðleikum. Rétt er að hafa í huga að við þetta mat vega þungt síðustu þrjú ár þar sem framlegð hefur verið óvenjugóð bæði vegna veikrar stöðu krónunnar og hárra verða á erlendum mörkuðum. Líkur eru á að til lengri tíma verði meðalframlegð eftir að gjaldinu verður komið á lægri en 11%.

Áhrif veiðileyfagjalds á framlegð sjávarútvegs (veiða og vinnslu)						
	Framlegð sjávarútv. skv. Hagstofu	Veiðileyfagjald skv. frumvarpi	Endurreiknuð framlegð	Hlutfall framlegðar fyrir veiðileyfagjald	Hlutfall framlegðar eftir veiðileyfagjald	Hreinn hagnaður skv. Hagstofu
2001	36,5	18,5	18,0	21,6%	10,6%	6,4
2002	27,2	7,4	19,8	15,1%	11,0%	23,4
2003	22,6	6,2	16,4	14,4%	10,5%	8,4
2004	19,0	4,0	15,0	11,6%	9,1%	8,1
2005	20,4	5,4	15,0	13,2%	9,7%	12,3
2006	31,9	13,7	18,2	18,5%	10,6%	-12,6
2007	24,7	7,0	17,7	13,7%	9,8%	18,3
2008	47,6	19,7	27,9	20,6%	12,1%	-156,4
2009	63,6	24,5	39,1	23,2%	14,2%	28,7
2010	63,6	23,5	40,1	20,8%	13,1%	33,1
Meðaltal				17,3%	11,1%	

Líklegt má telja að meðalframlegð undir 11% myndi skapa sjávarútvegi mjög erfið rekstrarskilyrði þar sem sú framlegð myndi vart nægja til þess að mæta vöxtum af skuldum og afskriftum af fastafjármunum. Eins og nú háttar eru langtímaskuldir (eða hreinar vaxtaberandi skuldir) um 400 ma.kr. eða um 133% af tekjum greinarinnar. Ólíklegt er að vextir (eða nafnávöxtunarágildi vaxtakjara) verði á næstu árum undir 10%. Erlend lánskjör innlendra aðila hafa versnað til muna í kjölfar hrunsins, staða greinarinnar veikt (eiginfjárlutfall lækkað) og veiðileyfagjaldið sjálft veikir stöðu hennar enn frekar. Hlutfall vaxta og gengismunar eða fjármagnskostnaðar var að meðaltali 11,6% árin 2001 til 2010 sbr. tögflu hér á eftir. Á sama tímabili var árlegt meðaltal afskrifta 6,6% af tekjum eins og sést í meðfylgjandi töflu. Samtals hefur greinin þurft á undanförunum áratug rösk 18% í framlegð til að mæta þessum kostnaðarliðum. Sú lækkun framlegðar sem leiðir af veiðileyfajaldinu er því líkleg til að valda greininni verulegum vanda, bæði hvað varðar sjóðstreymi og afkomu. Fyrirtækin munu þurfa að velja undan sér skuldum og líklegt að eigið fé fari minnkandi.

Fjármagnskostnaður og afskriftir í hlutfalli við tekjur					
	1	2	3	4 = 2 / 1	5 = 3 / 1
		Vextir og	Afskriftir	Hlutfall	Hlutfall
	Tekjur	gengismunur	skv.	vaxta af	afskrifta
	samtals	skv. Hagstofu	Hagstofu	tekjum	af tekjum
2001	169,2	18,8	11,3	11,1%	6,7%
2002	180,2	-10,9	14,7	-6,0%	8,2%
2003	156,8	-0,6	14,8	-0,4%	9,4%
2004	164,5	-3,9	14,8	-2,4%	9,0%
2005	154,6	-3,1	11,3	-2,0%	7,3%
2006	172,0	33,9	10,6	19,7%	6,2%
2007	179,7	-3,5	9,9	-1,9%	5,5%
2008	230,8	192,5	11,5	83,4%	5,0%
2009	274,6	22,7	12,2	8,3%	4,4%
2010	306,0	18,0	12,3	5,9%	4,0%
Meðaltal				11,6%	6,6%

Áhrif á vergan hagnað

Með vergum hagnaði er átt við hagnað fyrirtækjanna í greininni fyrir tekjuskatt. Í greinargerð frumvarpsins eru upplýsingar um framlegð sjávarútvegs frá 2001 til 2010 og mat á því hvað veiðileyfagjaldið hefði orðið ef það hefði verið innheimt á þessu tímabili samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Með þessum upplýsingum má endurreikna framlegð greinarinnar fyrir þessi ár. Á vef Hagstofu eru jafnframt upplýsingar um fjármagnskostnað og afskriftir sjávarútvegsfyrirtækja á þessu tímabili. Með þeim upplýsingum er hægt að endurreikna vergan hagnað fyrir þessi ár.

Niðurstaðan er einföld, hreinn hagnaður lækkar um þá 130 ma.kr. sem veiðigjaldið hefði skilað á þessu tímabili. Í heild hefði hreinn hagnaður á þessu tímabili lækkð úr -30 ma.kr í - 160 ma.kr.

Stærsti afkomuskellurinn er árið 2008 og væri litið framhjá því ári væri afkoman áratugarins í heild jákvæð. Fyrir veiðigjald væri afkoma áratugarins jákvæð um 126 ma.kr en en eftir veiðigjald væri hún jákvæð um 16 ma.kr.

Mikið álitamál er er hvort raunhæft er að líta framhjá árinu 2008. Ljóst er að gengisskráning og þróun árunna 2002 – 2007 var algjörlega óraunhæf enda styrktist gengi krónunnar mörg þessara ára þrátt fyrir gríðarlegan viðskiptahalla. Mörg árin var fjármagnskostnaður neikvæður eins og sést í töflunni hér að ofan. Eftir hrún virðist viðskiptajöfnuður vera nálægt jöfnuði en mælingar á honum eru þó óvissar m.a. vegna uppgjörs þrotabúa gömlu bankanna og skuldbindinga við útlönd vegna innstæðutrygginga.

Til lengri tíma er raunhæfast að líta svo að fjármagnskostnaður sjávarútvegs verði hliðstæður þeim vaxtakjörum sem innlendum aðilum bjóðast á hér á landi þar sem munur innlendrar og erlendrar verðbólgu hlýtur fyrr eða síðar að skila sér í falli í íslensku krónunnar. Undanfarin áratug hafa lægstu vextir óverðtryggðra lána sem Seðlabankinn mælir og birtir verið 12,4% að meðtali.

Áhrif á veiðileyfigjalds á hreinan hagnað sjávarútvegs							
Allar fjárhæðir í milljörðum króna							
	1	2	3 = 1 - 2	4	5	6 = 3 - 4 - 5	7
	Framlegð sjávarútvt. skv. Hagstofu	Auðlinda-gjald skv. frumvarpi	Endurreiknuð framlegð	Vextir og gengismunur skv. Hagstofu	Afskriftir skv. Hagstofu	Endureikn. hreinn hagnaður	Hreinn hagnaður skv. Hagstofu
2001	36,5	18,5	18,0	18,8	11,3	-12,1	6,4
2002	27,2	7,4	19,8	-10,9	14,7	16,0	23,4
2003	22,6	6,2	16,4	-0,6	14,8	2,2	8,4
2004	19,0	4,0	15,0	-3,9	14,8	4,1	8,1
2005	20,4	5,4	15,0	-3,1	11,3	6,8	12,3
2006	31,9	13,7	18,2	33,9	10,6	-26,3	-12,6
2007	24,7	7,0	17,7	-3,5	9,9	11,3	18,3
2008	47,6	19,7	27,9	192,5	11,5	-176,1	-156,4
2009	63,6	24,5	39,1	22,7	12,2	4,2	28,7
2010	63,6	23,5	40,1	18	12,3	9,8	33,1
Samtals	357,1	129,9	227,2	263,9	123,4	-160,1	-30,3


Áhrif lækkunar framlegðar á virði fyrirtækja í greininni

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er veiðigjald árin 2009 – 2010 áætlað um 23 - 24,5 ma.kr. Sú fjárhæð er í raun mat á áhrifum gjaldsins við núverandi rekstrarskilyrði. Ljóst er að þessi gjaldtaka mun rýra virði allra fyrirtækja í greininni, nema þeirra allra smæstu (<30 tn.).

Ein leið til að meta áhrif veiðigjaldsins á virði fyrirtækja er að beita framlegðarmargfaldara á lækkun framlegðarinnar. Þessi margfaldari er í raun nálgun á núvirðingu á framtíðarsjóðstreymi fyrirtækja. Algengt er að miðað sé við margfaldara á bilinu 4 – 6 hér á landi og hafa sjávarútvegsfyrirtæki verið nálægt efri mörkum. Samkvæmt því væri virðislækkun fyrirtækjanna í greininni á bilinu 100 – 145 ma.kr. eða um 38% frá núverandi virði.

Framlegðarmargfaldarar eru mikið notaðir af lánveitendum til að meta skuldaþol og nauðsynlegt eigið fé vegna rekstrar. Líklegt er því að veiðigjaldið muni þrengja mjög aðgang að lánnum og skapa þrýsting frá lánveitendum um að sjávarútvegsfyrirtæki greiði niður skuldir á næstu árum. Í einhverjum tilvikum er ljóst að skuldabyrði verður óviðráðanleg við upptöku veiðigjaldsins.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF

24. júní 2013

Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld (15. mál)


Samtök fjármálafyrirtækja vísa til umsagna sinna þegar þetta mál var til meðferðar Alþingis á árunum 2011 og 2012.

Þá var það álit Samtakanna að gjaldstofninn, þ.e. auðlindarentan, væri rangt skilgreindur og skattlagning hans óhófleg miðað við getu sjávarútvegsins, veiðar og vinnslu. Til lengri tíma myndi skattlagningin ganga á eigið fé atvinnugreinarinnar, ekki síst minni fyrirtækja.

Samtök fjármálafyrirtækja fagna því að með frumvarpinu er lagt til að innleiðingu þessa fyrirkomulags, þ.e. veiðigjalds á grundvelli auðlindarentu, verði frestað og næsta ár verði notað til frekari skoðunar á heppilegasta fyrirkomulagi veiðileyfagjalds.

Þá er með frumvarpinu áformuð gjaldtaka 2013 og 2014 lækkuð. Slíkt er skynsamlegt að mati Samtaka fjármálafyrirtækja þó þau séu ekki í aðstöðu til að leggja mat á hver æskileg gjaldtaka eigi að vera. Hins vegar eru rök fyrir því að meðan lagt er mat á hvert sanngjarnt gjald til framtíðar eigi að vera sé stigið varlegar til jarðar fremur en hitt í gjaldtöku á greinina. Þá eru Samtök fjármálafyrirtækja ekki í aðstöðu til að meta þá innbyrðis breytingu sem gerð er á gjaldtöku milli bolfisks og uppsjávarfisks.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF



Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1789
komudagur 7.5.2014

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 5. maí 2014

Umsögn Samtaka íslenskra fiskimanna vegna máls 568. Breyting á veiðigjöldum.

Samtök íslenskra fiskimanna lýsa sig andsnúna frumvarpi þessu. Í frumvarpinu felast svik við eiganda auðlindarinnar þar sem að fámennum hópi útgerðarmanna eru færð gríðarleg verðmæti gegn málamynda gjaldi.

Engum heilvita manni, né hálf, dettur í hug að þriggja manna nefnd sé vel til þess fallinn að finna út rétt endurgjald fyrir aðganginn að fiskimiðunum. Þess vegna er fráleitt að hið opinbera sé að eyða fé og fyrirhöfn í þær reiknikúntir sem að frumvarpið kveður á um.

Samtök íslenskra fiskimanna hvetja stjórnvöld til að láta af þeirri grímulausu hagsmunagæslu sem þau eru í. Og þess í stað bjóða allar aflaheimildir upp á frjálsum markaði og þar með tryggja þjóðinni, eiganda auðlindarinnar, rétt verð fyrir þessi gríðarlegu verðmæti og í leiðinni tryggja fullt jafnræði við nýtingu sameignar þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

Hallgrímur Pálmi Stefánsson
Formaður Samtaka Íslenskra Fiskimanna

SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. P 143/1766
komudagur 5.5.2014

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2014

VRH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012, 568. mál.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gagnrýna hve stuttur tími er gefinn til umsagnar um þetta þingmál.

Eigi að síður vilja samtökin nota þetta tækifæri og minna þingmenn á að aukin krafa um hagræðingu í sjávarútvegi hefur í gegnum tíðina leitt til fækkunar starfa í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, og þar með fækkun íbúa margra sjávarbyggða. Þessi þróun hefur haft djúpstæð áhrif á byggðapróun í landinu.

Þegar slíkar breytingar verða er gjarnan horft til sveitarstjórna og hvað þær geta gert. Sveitarstjórnir gera það sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða íbúa sína, en tækin sem þær hafa eru fátækleg eins og niðurstaðan í gegnum tíðina sýnir. Þess vegna hafa Samtök sjávarútvegssveitarfélaga krafist þess að hluti veiðigjalda renni til sjávarútvegssveitarfélaga til að gera þeim kleift að bregðast við þeim aðstæðum sem sífellt eru uppi, að vegna kröfu um hagræðingu og betri afkomu fyrirtækja fækkar störfum í sjávarútvegi, störfin flytjast til og þar með er atvinna og búseta fólks í uppnámi. Sveitarfélögum yrði með hlutdeild í veiðigjaldinu gert auðveldara að styðja við aðra atvinnuuppbyggingu.

Við breytingar á lögum er varða sjávarútveginn er mikilvægt að möguleg áhrif á byggðapróun séu rannsökuð svo bregðast megi við breytingum og beita tiltækum mótvægisáðgerðum. Það er ekki nóg að koma eftirá og harma stöðuna. Hefur sú breyting sem nú á að gera á veiðigjöldum t.d. verið metin á þann mælikvarða? Það er ljóst að veiðigjöld kalla á hagræðingu hjá mörgum fyrirtækum í sjávarútvegi, hagræðingu sem fækkar störfum, jafnvel fyrirtækjum, og mun þannig hafa áhrif á atvinnu og afkomu fólks. Samtökin ítreka því það sem áður hefur komið fram í umsögnum þeirra að áhrif breytinga verði metnar áður en þær koma til framkvæmda.

Við sem erum í forsvari fyrir sveitarfélög sem byggja afkomu sína með beinum hætti á sjávarútvegi hljótum að setja fram þá spurningu hvort gjöldin séu „hlutlaus“ eins og taka auðlindarentu á að vera. Ekki síst þegar fyrir liggur að afkoma fiskvinnslu er eitt af því sem lagt er til grundvallar.

Þá telja samtökin að samráð hefði mátt vera meira og að mikilvægt sé að ítarlegri umræða fari fram um það hvernig unnt sé að tryggja áfram fjölbreytileika í íslenskum sjávarútvegi. Samtökin lýsa sig reiðubúin að koma að slíkri umræðu.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Svanfríður Inga Jónasdóttir
formaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1764
komudagur 5.5.2014

Reykjavík 5. maí 2014.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar), 568. mál.

Sjómannasambandi Íslands barst að morgni föstudagsins 2. maí 2014 beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld með síðari breytingum. Frestur til að skila umsögn var upphaflega veittur til miðnættis sunnudagsins 4. maí, en síðan framlengdur til miðnættis þann 5. maí. Sjómannasamband Íslands mótmælir því virðingarleysi Alþingis við umsagnaraðila sem í svo stuttum umsagnarfresti felst. Ekki verður umsagnaraðilum kennt um þó málið hafi komið allt of seint fram á Alþingi og því furðulegt að atvinnuveganefnd leyfi sér að senda málið til umsagnar nánast án þess að gefa umsagnaraðilum færi á að gefa umsögn. Sennilega hefði verið betra að sleppa því að senda málið til umsagnar hagsmunaaðila enda eru skilaboð nefndarinnar til þeirra með þessum stutta fresti þau að umsagnir þeirra skipti engu máli fyrir Alþingi.

Varðandi frumvarpið sjálft er í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið, kafla 3.1. lýst hvernig upphæð veiðigjaldanna er ákvörðuð, en þar kemur fram að heildarfjárhæð veiðigjaldanna, þ.e. samtala almenns og sérstaks veiðigjalds, sé fundin með því að taka 35% af hagnaði (EBT) veiðanna og 20% af hagnaði í fiskvinnslu samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands, Hagur veiða og vinnslu 2012. Gagnrýnt hefur verið að upphæð veiðigjaldanna er ákvörðuð út frá tveggja ára gömlum upplýsingum og getur Sjómannasamband Íslands tekið undir þá gagnrýni. Afkoma veiða og vinnslu getur breyst verulega á tveimur árum og því afar brýnt að byggja ákvarðanir um „hófleg“ veiðigjöld á upplýsingum sem eru nær í tíma. Ástæða þess að stuðst er við hagnað bæði veiða og vinnslu við ákvörðun veiðigjalda á útgerðina er gallað verðmyndunarkerfi á afla upp úr skipi. Á þetta hefur Sjómannasamband Íslands ítrekað bent og óskað eftir því að Alþingi taki á verðmyndunarkerfinu þannig að eðlileg verðmyndun verði á afla upp úr skipi óháð því hvort kaupandi aflans er vinnsla í eigu útgerðarinnar eða óskyldur aðili. Nánar verður komið inn á verðmyndunarkerfið síðar í umsögninni.

Í kafla 3.2 í almennum athugasemdum með frumvarpinu er því lýst með hvaða hætti horfið er frá því að styðjast við þorskígildisstuðla eða sérstaka þorskígildisstuðla við álagningu á veiðigjaldinu. Í stað þessara stuðla er reiknuð framlegð eða afkoma hvernar fisktegundar fundin og upphæð þeirra veiðigjalda, sem pólitísk ákvörðuð hefur verið tekin um hver skuli vera, skipt á einstakar tegundir í samræmi við afkomustuðla hvernar fisktegundar. Aðferðafræðinni við þessa útreikninga er ágætlega lýst í kafla 3.2 í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Sjómannasamband Íslands er þeirrar skoðunar að það sé til verulegra bóta, óháð afstöðu til upphæðar veiðigjaldanna, að styðjast við afkomustuðla fyrir hverja fisktegund við mat á veiðigjöldum fyrir einstaka fisktegundir. Sjómannasamband Íslands styður því þessa aðferðafræði eða hugsunina að baki henni. Hins vegar er nauðsynlegt að verð hvernar fisktegundar upp úr skipi sé „rétt“ ef eitthvað á að vera að marka reiknaða framlegð fyrir

viðkomandi fisktegund. Eins og bent var á hér að framan er verðmyndunarkerfið á fiski upp úr skipi verulega gallað svo ekki sé fastar að orði kveðið og er nauðsynlegt að á því verði tekið samhliða því að stuðst er við afkomustuðla fyrir hverja fisktegund. Eins og fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi ætti að vera vel kunnugt um er stór hluti af útgerðinni í eigu fiskvinnslunnar og er því stærstur hluti aflans seldur milli skyldra aðila. Fiskur sem seldur er til vinnslu í eigu útgerðar skipsins sem selur aflann er á mun lægra verði en gengur og gerist í frjálsum viðskiptum með fisk milli óskyldra aðila. Upplýsingar um þetta geta þingmenn aflað sér í opinberum gögnum. Með lágu fiskverði eru ekki aðeins sjómenn hlunnfarnir í launum heldur einnig hafnir landsins vegna aflagjalda og ekki síður ríkissjóður ef styðjast á við þessa aðferðarfræði og afkomu útgerðarinnar við ákvörðun veiðigjalda. Eins og staðan er í dag er hagnaður fluttur frá útgerð til vinnslunnar vegna gallaðs verðmyndunarkerfis. Við álagningu veiðigjaldanna eru stjórnvöld að reyna að taka tillit til þessa, sbr. þá aðferð að taka 20% af hagnaði fiskvinnslunnar inn í veiðigjöldin sem lögð eru á útgerðina. Ef verð einstakra fisktegunda er ekki eðlilegt eins og viðgengst hér á landi verða framlegðarútreikningar fyrir einstaka fisktegundir markleysa. Eins getur það valdið skekkju gagnvart þeim sem selja aflann á eðlilegu verði ef verið er að reikna hagnað frá vinnslunni inn í afkomutölur útgerðarinnar til að geta lagt „eðlileg“ veiðigjöld á útgerðina. Því er mikilvægt að afkomutölur útgerðarinnar sýni í reynd afkomu útgerðarinnar og því verður Alþingi að taka á verðmyndunarkerfinu í heild þannig að aðilar geti ekki í krafti eignarhalds ákveðið einhliða hvað greitt er fyrir fiskinn.

Í 5. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið er farið yfir við hverja var haft samráð við undirbúning frumvarpsins. Í þeim kafla er fullyrt að við undirbúning frumvarpsins hafi verið haft samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Hingað til hefur Sjómannasamband Íslands talist í þeim hópi samtaka sem flokkuð hafa verið sem helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Ekkert samráð var haft við Sjómannasamband Íslands við undirbúning þessa frumvarps.

Varðandi 2. grein frumvarpsins um 250.000 kr. gjaldfrelsi á sérstöku veiðigjaldi í stað þeirrar aðferðar sem nú er notuð getur Sjómannasamband Íslands ekki tekið afstöðu til breytingarinnar, enda enginn tími vegna stutts umsagnarfrests til að meta það mál.

Í 5. grein eru tíunduð veiðigjöld sem lögð eru á hvert kg einstakra fisktegunda, sundurliðað annars vegar vegna almenns gjalds og hins vegar vegna sérstaks gjalds, miðað við óslægðan fisk. Er þetta í samræmi við útreikning á framlegð einstakra fisktegunda eins og skilmerkilega er lýst í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Eins og áður í þessari umsögn hefur verið bent á er niðurstaðan um framlegð eða afkomu einstakra fisktegunda gölluð þar sem verðmyndunarkerfið er verulega gallað. Byrja þarf á því að laga verðmyndunarkerfið þannig að verð hveirrar fisktegundar upp úr skipi sé eðlilegt og í samræmi við markaðsforsendur og eðlilega viðskiptahætti áður en framlegðarútreikningum er beitt á einstakar fisktegundir. Ef verðmyndunarkerfið er ekki lagfært þannig að verð einstakra fisktegunda sé eðlilegt markaðsverð verður þessi útreikningur markleysa eins og áður hefur verið bent á í þessari umsögn.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


 Hólmgeir Jónsson

Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 2. maí 2014 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld. Þess er óskað að umsögnin berist fyrir lok 5. maí n.k.

Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir yfir miklum áhyggjum með fyrirhuguð veiðigjöld. Í ljósi þeirrar staðreyndar að veiðigjöld og skerðingar á sjávarútvegsfyrirtækin í sveitarfélaginu eru gríðarleg, stendur bæjarráð við fyrri umsagnir. Því til stuðnings er bent á úttektir á áhrifum á sveitarfélagið sem ítrekað hafa verið sendar inn til atvinnuveganefndar, m.a. í apríl 2012. Frumvarpið, í óbreyttri mynd, felur í sér þungar álögur á sjávarútvegsfyrirtækin í Vestmannaeyjum og kemur til með að hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins líkt og áðurgreind fyrirtæki. Að leggja á svo há veiðigjöld, ásamt skerðingu í potta, hefur mikil áhrif á tekjur sveitarsjóðs í formi skerts útsvars og sketra tekna af hafnargjöldum. Bæjarráð hefur miklar áhyggjur af því að veiðigjöldin muni hafa veruleg áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir á vegum greinarinnar hér í sveitarfélaginu, ásamt tilflutningi á störfum milli landssvæða. Þessu fyrirkomulagi mótmælir bæjarráð Vestmannaeyja og hvetur núverandi stjórnvöld til að endurskoða fyrirhuguð veiðigjöld með það að markmiði að jafnræðis sé gætt milli fyrirtækja og samsetningu aflategunda. Bæjarráð Vestmannaeyja hefur á liðnum árum hvatt til þess að farin verði sáttaleið milli stjórnvalda og sjávarútvegsins og komið á hóflegu veiðigjaldi sem taki mið af afkomu atvinnuvegarins hverju sinni. Með því sé sjávarútvegi á Íslandi sköpuð skilyrði til að vaxa og dafna landi og þjóð til heilla.

Bæjarráð harmar sérstaklega samráðsleysi og þann stutta fyrirvara sem gefinn er til umsagnar um frumvarpið. Vinnubrögðin eru óvönduð, þeim fylgja litlar upplýsingar og nánast engir útreikningar á forsendum álagningarinnar né áhrifum gjaldtökunnar fyrir fyrirtækin. Þrátt fyrir fögur fyrirheit núverandi ríkisstjórnar liggur nú fyrir að Vestmannaeyjar, Fjarðabyggð og fl. sveitarfélög þurfa nú að há sama bardagann við nýjan mótherja.

Jórunn Einarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég tek ekki afstöðu til umsagnar bæjarráðs að svo stöddu. Ég vil kynna mér hana betur þar sem hún barst ekki með útsendum gögnum. Afstaða mín kemur fram í bæjarstjórn.

Alþingi
Erindi nr. P 143/1786
komudagur 6.5.2014



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2014

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar). (568. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Ljóst er að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur skipað íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð og er því meðal grunnstoða lífskjara Íslendinga. Þetta er staðfest í opinberum hagtölum, samanburði við önnur sambærileg kerfi og mati innlendra sérfræðinga og erlendra álitsgjafa.

Að því sögðu er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þess að öll þjóðin njóti arðs af auðlindum landsins. Um þetta sjónarmið ríkir almenn sátt, þó deilt sé um frekara fyrirkomulag. Arður af auðlindum verður hins vegar aðeins hámarkaður með því að búa viðkomandi atvinnugreinum hagfelld rekstrarskilyrði til lengri tíma.

Ágæt rök hafa verið færð fyrir því að skattlagning rentu sé varhugaverð og réttast væri að láta fyrirtækjunum og eigendum þeirra að ráðstafa rentunni. Aðrir telja skattlagningu rentu hagkvæma þar sem hún hefur takmörkuð áhrif á hvata í hagkerfinu.

Að mati Viðskiptaráðs verður að horfa á gjaldtökuna í samhengi við aðra þætti fiskveiðistjórnunarkerfisins. Ef vegið er að möguleikanum til hagræðingar og langtímahagkvæmni mun það skerða umfang auðlindarentunnar og draga úr getu útgerðarinnar til að standa undir gjaldtökunni.

Með óhóflegri gjaldtöku tekur íslenska ríkið til sín stærstan hluta þess virðisauka sem meðal annars hefur orðið til vegna uppbyggingar vörumerkja og gæðastaðla, sérhæfingar og hagkvæmni í nýtingu fiskafla. Undir þeim kringumstæðum getur sjávarútvegsfyrirtækjum reynst erfitt að byggja upp eigið fé sem nauðsynlegt er þar sem kostnaðarliðir þeirra sveiflast töluvert á milli ára. Að auki getur myndast hvati hjá þeim til að auka rekstrarkostnað til að lækka veiðigjaldið.

Erfiðari uppbygging eigin fjár og samdráttur í fjárfleði veldur því jafnframt að erfiðara verður að fá ný lán sem mun hamla nýliðun og draga úr fjárfestingargetu. Þetta dregur svo aftur úr getu fyrirtækjanna til að standa undir núverandi og væntanlegum skuldbindingum við lánastofnanir.

Að lokum er vert að benda á að óhófleg gjaldtaka dregur úr hvötum til fjárfestingar í tæknivæddri starfsemi þar sem afskriftir eru vanmetnar og ekki að öllu leyti frádráttarbærar ólíkt starfsmannakostnaði. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til þess að hagræðing í sjávarútvegi undanfarna áratugi hefur að miklu leyti stafað af tæknivæðingu greinarinnar.

Ofangreind atriði undirstrika mikilvægi þess að vanda til verka í þessum efnum. Í því samhengi er það miður að engin heildstæð umræða hafi í reynd farið fram um forsendur veiðigjalda og ber skattlagningin með sér að um skammtímaúrræði sé að ræða.

Viðskiptaráð telur mikilvægt að hraða vinnu stjórnvalda við mótun varanlegrar lausnar í málinu þar sem jafnframt verði lögð ríkari áhersla á samráð við helstu hagsmunaaðila en verið hefur. Núverandi óvissa hefur margvísleg neikvæð áhrif og er til þess fallin að draga úr verðmætasköpun greinarinnar og alþjóðlegri samkeppnishæfni. Við skattlagningu á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki er rétt að líta til þess hvernig slíkri skattlagningu er hagað hjá öðrum ríkjum, enda eru fyrirtækin í alþjóðlegri samkeppni. Er því vafasamt að skattleggja sjávarútveginn umfram það sem gengur og gerist erlendis. Í frumvarpinu er ekki að finna samantekt á því hvort sambærilegir skattar séu erlendis og hvernig þeim er háttað.

Til viðbótar við þessi sjónarmið gerir Viðskiptaráð athugasemdir við einstök atriði í frumvarpinu. Við ákvörðun sérstaka veiðigjaldsins samkvæmt frumvarpinu er áfram miðað við metinn hagnað útgerðar og fiskvinnslu árið 2012. Er ljóst að reiknaður hreinn hagnaður Hagstofunnar (sem notaður er við útreikninga á árgreiðslunni) er ekki sá sami og bókhaldslegur hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja. Til viðbótar við það að afkoman er ofmetin með þessum hætti er það mat Viðskiptaráðs að óeðlilegt sé að útgerðir, sem ekki reka fiskvinnslu, séu skattlagðar út frá metnum hagnaði aðila í slíkri starfsemi.

Frumvarpið hefur einnig verið sett fram með þeim hætti að í því felist umtalsverð lækkun á veiðigjaldinu. Samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpinu munu tekjur ríkissjóðs of veiðigjaldinu lækka um 1,5 milljarð á næsta ári eða um 16%. Aftur á móti verður að líta til þess að afkoma útgerðanna hefur versnað um allt að 30% frá árinu 2012 og hafa tekjurnar því lækkað meira en skatthlutfallið.

Hvað varðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins tekur Viðskiptaráð undir flest þau sjónarmið sem fram koma í umsögn LÍÚ, SA og SF. Ber þar helst að nefna eftirfarandi atriði:

- Að mati Viðskiptaráðs er það jákvætt skref að miðað verði við aflamark sem gjaldstofn veiðigjalda í stað þorskígilda en ýmsir annmarkar eru á notkun þorskígildisstuðulsins.
- Viðskiptaráð telur enn fremur að betra sé að styðjast við svokallaða afkomustuðla en þorskígildi botnfisks og uppsjávartegunda.
- Loks telur Viðskiptaráð ekki rétt að veita skattaafslátt af sérstaka veiðigjaldinu í þeim tilfellum sem álagningin nær ekki 250.000 kr.

Viðskiptaráð tekur, eins og áður segir, undir mikilvægi þess að þjóðin njóti arðs af auðlindum landsins. Skattlagning á útgerðarfyrirtæki má þó ekki valda fyrirtækjunum fjárhagsvandræðum eða rýra heildarverðmætasköpun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Að mati Viðskiptaráðs er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn á málinu í samráði við hagsmunaaðila.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra sjónarmiða og nái ekki fram að ganga í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 143/1749
komudagur 4.5.2014

Nefndasvið Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Vestmannaeyjum 4. maí 2014.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, 568. mál.

Vinnslustöðin hf. fékk ofangreint mál sent til umsagnar með tölvupósti föstudaginn 2. maí og þess óskað að umsögnin berist fyrir lok vinnudags mánudaginn 5. maí 2014. Ljóst má vera að jafnvel þótt engin önnur starfsemi væri hjá þessu fyrirtæki er frestur sem þessi fjarri því að vera nægur til þess að fara yfir og senda frá sér ítarlega umsögn um mál sem þetta. Má ljóst vera að verði frumvarpið að lögum mun það hafa gríðarleg áhrif til hins verra á rekstur félagsins.

Pegar frumvarp sem varð að lögum nr. 74/2012 var til meðferðar á Alþingi sendi Vinnslustöðin hf. nefndasviði Alþingis lögfræðilega álitserð sem unnin hafði verið fyrir félagið. Gerð var munnlega grein fyrir efni álitserðarinnar og svarað spurningum um efni hennar fyrir þingnefnd sem málið hafði til meðferðar. Vinnslustöðin hf. hefur nú höfðað mál til að láta reyna á lögmæti álagningar sérstaks veiðigjalds á félagið fiskveiðiárið 2012/2013 og byggir málssóknina í aðalatriðum á sömu röksemdum og fram komu í umræddri álitserð.

Bréfi þessu fylgir fréttatilkynning sem Vinnslustöðin hf. sendi frá sér um framangreinda málshöfðun. Af henni má ráða að félagið telur skattlagningu þá sem felst í gildandi lögum vera andstæða stjórnarskránni nr. 33/1944. Þær breytingar á lögum nr. 74/2012 sem felast í hinu nýja frumvarpi ráða í engu bót á þeim annmörkum sem Vinnslustöðin hf. telur vera á efni gildandi laga um þetta efni.

Virðingarfyllst
f. h. Vinnslustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
framkvæmdastjóri

Vinnslustöðin hf. stefnir ríkinu vegna sérstaks veiðigjalds

- telur gjaldið brjóta gegn stjórnarskránni

Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum hefur stefnt fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og krefst þess að fá endurgreitt sérstakt veiðigjald sem lagt var á sjávarútvegsfyrirtæki á fiskveiðiárinu 2012-2013 með lögum nr. 74/2012, alls um 516 milljónir króna.

Vinnslustöðin unir álagningu almenns veiðigjalds á sama fiskveiðiári. Það nam tæpum 200 milljónum króna. **Málssóknin tekur því einungis til sérstaka veiðigjaldsins.**

- Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður flytur málið fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar og hefur stefnan þegar verið birt ríkislögmanni fyrir hönd fjármálaráðherra. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. maí nk.

Fordæmalaust mál í skattasögu hér á landi

Krafist er endurgreiðslu á þeirri forsendu að álagning sérstaka veiðigjaldsins stangist á við ófrávíkjanleg ákvæði í stjórnarskrá Íslands. Fyrir því eru færðar margvíslegar röksemdir í stefnunni:

- Hið sérstaka veiðigjald sé í eðli sínu skattur til ríkisins en ekki gjald fyrir aðgang að fiskimiðunum og slík skattheimta eigi sér engin fordæmi í skattasögu landsins.
- Álagningarreglurnar og skatthlutfallið feli það í sér að rekstrarafkoma fyrirtækis á borð við Vinnslustöðina sé nánast þjóðnýtt.
- Regluverkið til grundvallar skattheimtunni sé afar flókið, erfitt viðfangs og ógegnsett.
- Alþingi hafi fært framkvæmdavaldinu í hendur vald til að skattleggja handhafa veiðiheimilda nánast eftir geðþótta sínum.
- Greiðendur gjaldsins hafi engin tók á að staðreyna hvort forsendur þess standist, enda sé þar byggt á gögnum sem greiðendur hafi ekki heimild til að kanna (lögum samkvæmt er veiðigjaldanefnd ætlað að safna upplýsingum frá Hagstofu Íslands og skattayfirvöldum til að reikna út „rentuna“, gjaldstofn sérstaks veiðigjalds).

Eignarskattur í reynd, afturvirk skattlagning, mismunun skattaðila

Vinnslustöðin telur að sérstaka veiðigjaldið sé í reynd eignarskattur sem lagður er á veiðiheimildir sem varðar eru af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Gjaldstofninn, svokölluð renta, sé hins vegar ekki tengdur ætluðu verðmæti veiðiheimildanna, heldur sé gjaldið fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 reiknað út frá rekstrarniðurstöðum ársins 2010. Þetta þýði í raun að verið sé að skattleggja rekstur fyrirtækisins afturvirkt, sem er óheimilt samkvæmt 77. grein stjórnarskrárinnar.

Vinnslustöðin telur einnig að mjög veruleg mismunun sé innbyggð í regluverkið. Það birtist í því að fjölmargir eigendur veiðiheimilda þurfa ekki að greiða gjaldið en hinir verða í staðinn að greiða þeim mun meira.

Jafngildir eignaupptöku

Með sérstöku veiðigjaldi er mjög hátt hlutfall af rekstrarafkomu Vinnslustöðvarinnar flutt í ríkissjóð. Engu er skeytt um áhrif þess á rekstur fyrirtækisins, fjárfestingargetu þess o.s.frv.

Skatthlutfallið er svo hátt að það felur í reynd í sér upptöku eigna sem fer í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, að mati fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar:

Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður

sími 820 4618